

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 447/98**frá 1. mars 1998****um tilkynningar, fresti og skýrslugjöf sem kveðið er á um í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4064/89 um eftirlit með samfylkingum fyrirtækja****(Texti sem varðar EES)**FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,85. gr. og 86. gr. sáttmálans gagnvart flutningum á sjó ⁽⁵⁾,
eins og henni var breytt með lögum um aðild Austurríkis,
Finnlands og Svíþjóðar, einkum 26. gr.,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3975/87 frá
14. desember 1987 sem setur reglur um beitingu sam-
keppnisreglna gagnvart fyrirtækjum á sviði flutninga í
lofti ⁽⁶⁾, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EBE)
nr. 2410/92 ⁽⁷⁾, einkum 19. gr.,með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4064/89 frá
21. desember 1989 um eftirlit með samfylkingum fyrir-
tækja ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með reglugerð
(EB) nr. 1310/97 ⁽²⁾, einkum 23. gr.,að höfðu samráði við ráðgjafarnefndina um samfylkingu
fyrirtækja,með hliðsjón af reglugerð ráðsins nr. 17 frá 6. febrúar 1962,
fyrstu reglugerð til framkvæmdar á ákvæðum 85. og 86. gr.
sáttmálans ⁽³⁾, eins og henni var síðast breytt með lögum
um aðild Austurríkis, Finnlands og Svíþjóðar, einkum 24.
gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1017/68 frá
19. júlí 1968 um að beita samkeppnisreglum gagnvart flutn-
ingum á járnbrautum, vegum og skipgengum vatnaleið-
um ⁽⁴⁾, eins og henni var síðast breytt með lögum um aðild
Austurríkis, Finnlands og Svíþjóðar, einkum 29. gr.,1) Reglugerð (EBE) nr. 4064/89, einkum 23. gr., hefur
verið breytt með reglugerð (EB) nr. 1310/97.með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4056/86 frá
22. desember 1986 sem setur nákvæmar reglur um beitingu2) Breyta verður reglugerð framkvæmdastjórnarinnar
(EB) nr. 3384/94 ⁽⁸⁾ til framkvæmdar reglugerð (EBE)
nr. 4064/89 þannig að tillit sé tekið til þessara breytinga.
Reynslan af beitingu reglugerðar (EB) nr. 3384/94 hef-
ur sýnt að gera þarf umbætur á ákveðnum þáttum hennar
er lúta að málsmeðferð. Fyrir skýrleika sakir er því rétt
að ný reglugerð komi í stað hennar.⁽¹⁾ Stjútíð. EB nr. L 395, 30. 12. 1989, bls. 1; leiðrétt útgáfa, Stjútíð. EB nr.
L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.⁽²⁾ Stjútíð. EB nr. L 180, 9. 7. 1997, bls. 1.⁽³⁾ Stjútíð. EB nr. 13, 21. 2. 1962, bls. 204/62.⁽⁴⁾ Stjútíð. EB nr. L 175, 23. 7. 1968, bls. 1.⁽⁵⁾ Stjútíð. EB nr. L 378, 31. 12. 1986, bls. 4.⁽⁶⁾ Stjútíð. EB nr. L 374, 31. 12. 1987, bls. 1.⁽⁷⁾ Stjútíð. EB nr. L 240, 24. 8. 1992, bls. 18.⁽⁸⁾ Stjútíð. EB nr. L 377, 31. 12. 1994, bls. 1.

- 3) Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt ákvörðun 94/810/KSE, EB frá 12. desember 1994 um verksvið skýrslugjafarfulltrúa við meðferð samkeppnismála sem eru lögð fyrir framkvæmdastjórnina ⁽¹⁾.
- 4) Reglugerð (EBE) nr. 4064/89 er byggð á þeirri grundvallarreglu að tilkynna skuli samfylkingu áður en hún kemur til framkvæmda. Tilkynning hefur annars vegar veigamikil réttaráhrif sem styrkir stöðu samfylkingaradila en viki þeir sér á hinn bóginn undan tilkynningar skyldunni varðar það sektum og kann einnig að hafa í för með sér vandkvæði fyrir þá á sviði einkamálaréttar. Af þessum sökum er nauðsynlegt, vegna réttaröryggis, að skilgreina nákvæmlega efni og innihald þeirra upplýsinga sem eiga að koma fram í tilkynningunni.
- 5) Tilkynnendum ber að upplýsa framkvæmdastjórnina vel og ráðvandlega um staðreyndir og málavexti þegar tekin er ákvörðun um samfylkingu sem tilkynnt hefur verið um.
- 6) Æskilegt er að mæla svo fyrir að eyðublöð séu notuð til þess að einfalda og hraða athugun tilkynninga.
- 7) Þar eð löglegir frestir samkvæmt reglugerð (EBE) nr. 4064/89 miðast við tilkynningu verður einnig að ákveða hvaða skilyrði ráða slíkum frestum og því hvenær þeir hefjast.
- 8) Vegna réttaröryggis verður að setja reglur um útreikninga á frestum sem kveðið er á um í reglugerð (EBE) nr. 4064/89. Einkum verður að tiltaka upphaf og lok frests og hvaða aðstæður geta valdið því að hann er rofinn, að teknu tilhlýðilegu tilliti til krafna vegna fresta sem eru óvenjulega stuttir og getið er hér að framan. Reglur um hvernig reikna beri tímabil, dagsetningar og fresti skal byggja á grundvallaratriðum reglugerðar ráðsins (EBE, KBE) nr. 1182/71 ⁽²⁾ þar eð ekki eru til sérákvæði þar að lútandi.
- 9) Setja ber ákvæði um málsmeðferð framkvæmdastjórnarinnar er verndar að fullu rétt aðila til að gefa skýrslu og taka til varnar. Í þessu skyni ber framkvæmdastjórninni að greina á milli tilkynnenda samfylkingar, annarra aðila sem hlut eiga að áformum um samfylkingu, þriðju aðila og aðila sem framkvæmdastjórnin hyggst taka ákvörðun um að beita sekt eða féviti.
- 10) Framkvæmdastjórninni ber að bjóða tilkynnendum og öðrum hlutaðeigandi aðilum að ræða væntanlega samfylkingu óformlega og í fyllsta trúnaði áður en tilkynnt er um hana. Auk þess ber henni, að tilkynningu fram kominni, að hafa áfram náð samband við þessa aðila, eftir því sem þurfa þykir, til að ræða við þá sérhver vandkvæði er lúta að framkvæmd eða eru lagalegs eðlis og hún rekst á við fyrstu athugun málsins og, ef kostur er, til að leysa slík vandkvæði með gagnkvæmu samkomulagi.
- 11) Bjóða ber tilkynnendum, í samræmi við grundvallarregluna um réttinn til að taka til varna, að koma fram með athugasemdir sínar við hver þau andmæli sem framkvæmdastjórnin hyggst taka tillit til í ákvörðun sinni. Einnig ber að upplýsa aðra hlutaðeigandi aðila um andmæli framkvæmdastjórnarinnar og veita þeim færi á að skýra frá sjónarmiðum sínum.
- 12) Einnig verður að veita þriðju aðilum kost á að skýra frá sjónarmiðum sínum sæki þeir skriflega um slíkt og geti sýnt fram á að þeir eiga nægilegra hagsmuna að gæta.
- 13) Hinir ýmsu einstaklingar, sem rétt hafa til að koma fram með athugasemdir, ættu að gera það skriflega, bæði í eigin þágu og í þágu góðrar stjórnsýslu, samanber þó rétt þeirra til að óska eftir formlegri munnlegri skýrslugjöf, þar sem við á, til viðbótar við hina skriflegu málsmeðferð. Þó verður í bráðatilfellum að gera framkvæmdastjórninni kleift að taka strax við formlegri munnlegri skýrslu frá tilkynnendum, öðrum hlutaðeigandi aðilum eða þriðju aðilum.
- 14) Nauðsynlegt er að skilgreina rétt þeirra einstaklinga sem gefa skulu skýrslu, að hve miklu leyti beri að veita þeim aðgang að skjölum framkvæmdastjórnarinnar og með hvaða skilyrðum þeir megi senda fulltrúa eða njóta aðstoðar.

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 330, 21. 12. 1994, bls. 67.

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. L 124, 8. 6. 1971, bls. 1.

- 15) Framkvæmdastjórninni ber að taka tillit til réttmætra hagsmuna fyrirtækja sem vilja varðveita viðskiptaleyndarmál sín og aðrar trúnaðarupplýsingar.
- 16) Til að gera framkvæmdastjórninni bæði kleift að meta til fullnustu skuldbindingar sem stofnað er til í þeim tilgangi að samfylkingin getir samrýmt kröfum hins sameiginlega markaðar og til að tryggja tilhlýðilegt samráð við aðra hlutaðeigandi aðila, þriðju aðila og yfirvöld í aðildarríkjunum, eins og kveðið er á um í reglugerð (EBE) nr. 4064/89, einkum 1. og 4. mgr. 18. gr., ber að mæla fyrir um málsmeðferð og fresti að því er varðar tilkynningu slíkra skuldbindinga eins og kveðið er á um í 2. mgr. 6. gr. og 2. mgr. 8. gr. reglugerðar (EBE) nr. 4064/89.
- 17) Einnig er nauðsynlegt að skilgreina reglur sem framkvæmdastjórnin setur um ákvörðun og útreikning á svarfrestum.
- 18) Ráðgjafarnefndin um samfylkingu fyrirtækja skal skila álitinu á grundvelli fyrstu draga að ákvörðun. Því ber að hafa samráð við nefndina eftir að rannsókn máls er lokið. Samráð af því tagi kemur samt sem áður ekki í veg fyrir að framkvæmdastjórnin hefji rannsókn að nýju ef þörf krefur.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. KAFLI

TILKYNNINGAR

1. gr.

Einstaklingar sem hafa rétt til að leggja fram tilkynningar

1. Einstaklingar eða fyrirtæki, sem um getur í 2. mgr. 4. gr. reglugerðar (EBE) nr. 4064/89, skulu leggja fram tilkynningar.
2. Þegar fulltrúar einstaklinga eða fyrirtækja undirrita tilkynningar skulu þeir framvísa skriflegri staðfestingu þess efnis að þeir hafi umboð til þess.
3. Sameiginlegum fulltrúa, sem hefur umboð til að senda og taka við skjölum fyrir hönd allra tilkynnenda, ber að leggja fram sameiginlegar tilkynningar.

2. gr.

Framlagning tilkynninga

1. Tilkynningar skal leggja fram á þann hátt sem mælt er fyrir um á eyðublaði CO í viðaukanum. Sameiginlegar tilkynningar skulu vera á einu eyðublaði.
2. Senda skal eitt frumrit og 23 afrit af eyðublaði CO og fylgiskjölum til framkvæmdastjórnarinnar á pósthöfund sem tilgreint er á eyðublaði CO.
3. Fylgiskjölín skulu annaðhvort vera frumrit eða afrit af frumritum; í síðara tilvikinu skulu tilkynnendur staðfesta að um rétt og óstytt afrit sé að ræða.
4. Tilkynningar skulu vera á opinberu tungumáli bandalagsins. Sama tungumál skal nota við meðferð málsins og gildir það fyrir alla tilkynnendur. Fylgiskjöl skulu vera á frummálinu. Sé frummálið ekki eitt af opinberum tungumálum bandalagsins skal þýðing á tungumálið, sem notað er við meðferð málsins, fylgja.
5. Einnig er heimilt að leggja fram tilkynningar samkvæmt 57. gr. EES-samningsins á opinberu tungumáli EFTA-ríkjanna eða vinnutungumáli eftirlitsstofnunar EFTA. Kjósi tilkynnendur að leggja fram tilkynningu á tungumáli sem er ekki eitt opinberra tungumála bandalagsins skulu þeir samtímis láta þýðingu á opinbert tungumál bandalagsins fylgja öllum skjölum. Framkvæmdastjórnin skal nota tungumálið, sem þýtt er á, í samskiptum sínum við tilkynnendur.

3. gr.

Upplýsingar og skjöl sem láta skal í té

1. Í tilkynningum skulu vera þær upplýsingar, þar á meðal skjöl, sem óskað er eftir á eyðublaði CO. Upplýsingarnar skulu vera réttar og fullnægjandi.
2. Framkvæmdastjórninni er heimilt að undanþiggja aðila þeirri kvöð að láta í té tiltekna upplýsingar, þar á meðal skjöl, sem óskað er eftir á eyðublaði CO, telji hún að slíkar upplýsingar séu ekki nauðsynlegar fyrir athugun málsins.
3. Framkvæmdastjórnin skal senda tilkynnendum eða fulltrúum þeirra skriflega og án tafar staðfestingu á því að henni hafi borist tilkynningin og svör við bréfum sem hún

hefur sent samkvæmt 2. og 4. mgr. 4. gr.

4. gr.

Gildistökudagur tilkynninga

1. Litið skal svo á að tilkynningar öðlist gildi daginn sem þær berast framkvæmdastjórninni, samanber þó 2., 3. og 4. mgr.

2. Ef upplýsingar, þar á meðal skjöl, sem fylgja tilkynningu, eru ófullnægjandi í veigamiklum atriðum skal framkvæmdastjórnin tilkynna það tilkynnendum eða fulltrúum þeirra skriflega og án tafar og setja hæfilegan frest til að bæta við upplýsingum. Í þessum tilvikum skal litið svo á að tilkynningin öðlist gildi daginn sem fullnægjandi upplýsingar berast framkvæmdastjórninni.

3. Verði veigamiklar breytingar á upplýsingum sem koma fram í tilkynningu og sé tilkynnendum kunnugt um þær, eða ætti að vera kunnugt um þær, ber þeim að tilkynna þær framkvæmdastjórninni án tafar. Þegar svo hagar til, og geti þessar veigamiklu breytingar haft veruleg áhrif á mat á samfylkingu, er framkvæmdastjórninni heimilt að líta svo á að tilkynningin öðlist gildi daginn sem upplýsingar um þessar veigamiklu breytingar berast henni. Framkvæmdastjórnin skal láta tilkynnendur eða fulltrúa þeirra vita af því skriflega og án tafar.

4. Farið er með rangar eða villandi upplýsingar sem ófullnægjandi upplýsingar.

5. Þegar framkvæmdastjórnin gefur út yfirlýsingu um að henni hafi borist tilkynning, samkvæmt 3. mgr. 4. gr. reglugerðar (EBE) nr. 4064/89, skal hún tilgreina hvaða dag tilkynningin barst. Frestist gildistaka tilkynningar frá auglýstri dagsetningu hennar, samanber 2., 3. og 4. mgr., skal framkvæmdastjórnin gefa út nýja yfirlýsingu þar sem síðari dagsetningin er tilgreind.

5. gr.

Breyting tilkynninga

1. Komist framkvæmdastjórnin að raun um að aðgerð, sem tilkynnt hefur verið um, feli ekki í sér samfylkingu í skilningi 3. gr. reglugerðar (EBE) nr. 4064/89 skal hún láta tilkynnendur eða fulltrúa þeirra vita af því skriflega. Ef um slíkt er að ræða skal framkvæmdastjórnin, að beiðni tilkynnenda ef við á og með fyrirvara um 2. mgr. þessarar greinar, fara með tilkynninguna sem umsókn í skilningi 2. gr., eða tilkynningu í skilningi 4. gr. reglugerðar nr. 17, sem umsókn í skilningi 12. gr. eða tilkynningu í skilningi 14. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1017/68, eða umsókn í skilningi 12. gr.

reglugerðar (EBE) nr. 4056/86 eða sem umsókn í skilningi 2. mgr. 3. gr. eða 5. gr. reglugerðar EBE nr. 3975/87.

2. Framkvæmdastjórninni er heimilt, í þeim tilvikum sem um getur í öðrum málslíð 1. mgr., að krefjast þess að bætt verði við upplýsingar í tilkynningu innan hæfilegs frests sem hún setur, sé þess þörf til að meta aðgerð á grundvelli reglugerðanna sem um getur í þeim málslíð. Litið skal svo á að viðkomandi umsókn eða tilkynning fullnægi kröfum, sem fram koma í þessum reglugerðum, frá gildistöku-degi upprunalegrar tilkynningar, ef framkvæmdastjórninni berast viðbótarupplýsingarnar innan tiltekins frests.

II. KAFLI

FRESTIR

6. gr.

Upphaf frests

1. Fresturinn, sem um getur í 2. mgr. 9. gr. reglugerðar (EBE) nr. 4064/89, hefst í upphafi næsta virka dags eftir að aðildarríkinu barst afrit af tilkynningunni.

2. Fresturinn, sem um getur í b-lið 4. mgr. 9. gr. reglugerðar (EBE) nr. 4064/89, hefst í upphafi næsta virka dags eftir gildistöku-dag tilkynningar í skilningi 4. gr. þessarar reglugerðar.

3. Fresturinn, sem um getur í 6. mgr. 9. gr. reglugerðar (EBE) nr. 4064/89, hefst í upphafi næsta virka dags eftir að framkvæmdastjórnin vísaði málinu áfram.

4. Frestirnir, sem um getur í 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (EBE) nr. 4064/89, hefjast við upphaf næsta virka dags eftir gildistöku-dag tilkynningar í skilningi 4. gr. þessarar reglugerðar.

5. Fresturinn, sem um getur í 3. mgr. 10. gr. reglugerðar (EBE) nr. 4064/89, hefst við upphaf næsta virka dags eftir að málsmeðferð var hafin.

6. Fresturinn, sem um getur í öðrum málslíð annarrar undirgreinar 4. mgr. 22. gr. reglugerðar (EBE) nr. 4064/89, hefst við upphaf næsta virka dags eftir að sá fyrsti þessara atburða átti sér stað.

7. gr.

Frestur útrunninn

1. Fresturinn, sem um getur í 2. mgr. 9. gr. reglugerðar (EBE) nr. 4064/89, rennur út við lok þess dags í þriðju viku eftir að fresturinn hófst sem er sami vikudagur og upphafsdagur frestsins.

2. Fresturinn, sem um getur í b-lið 4. mgr. 9. gr. reglugerðar (EBE) nr. 4064/89, rennur út við lok þess dags í þriðja mánuði eftir að fresturinn hófst sem er sami mánaðardagur og upphafsdagur frestsins. Ef sá mánaðardagur er ekki í þeim mánuði rennur fresturinn út við lok síðasta dags þess mánaðar.

3. Fresturinn, sem um getur í 6. mgr. 9. gr. reglugerðar (EBE) nr. 4064/89, rennur út við lok þess dags í fjórða mánuði eftir að fresturinn hófst sem er sami mánaðardagur og upphafsdagur frestsins. Ef sá mánaðardagur er ekki í þeim mánuði rennur fresturinn út við lok síðasta dags þess mánaðar.

4. Fresturinn, sem um getur í fyrstu undirgrein 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (EBE) nr. 4064/89, rennur út við lok þess dags í næsta mánuði eftir að fresturinn hófst sem er sami mánaðardagur og upphafsdagur frestsins. Ef sá mánaðardagur er ekki í þeim mánuði rennur fresturinn út við lok síðasta dags þess mánaðar.

5. Fresturinn, sem um getur í annarri undirgrein 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (EBE) nr. 4064/89, rennur út við lok þess dags í sjöttu viku eftir að fresturinn hófst sem er sami vikudagur og upphafsdagur frestsins.

6. Fresturinn, sem um getur í 3. mgr. 10. gr. reglugerðar (EBE) nr. 4064/89, rennur út við lok þess dags í fjórða mánuði eftir að fresturinn hófst sem er sami mánaðardagur og upphafsdagur frestsins. Ef sá mánaðardagur er ekki í þeim mánuði rennur fresturinn út við lok síðasta dags þess mánaðar.

7. Fresturinn, sem um getur í öðrum málslíð annarrar undirgreinar 4. mgr. 22. gr. reglugerðar (EBE) nr. 4064/89, rennur út við lok þess dags í næsta mánuði eftir að fresturinn hófst sem er sami mánaðardagur og upphafsdagur frestsins. Ef sá mánaðardagur er ekki í þeim mánuði rennur fresturinn

út við lok síðasta dags þess mánaðar.

8. Sé lokadagur frestsins ekki virkur dagur rennur fresturinn út við lok næsta virka dags.

8. gr.

Framlenging vegna frídaga

Komi í ljós, eftir að búið er að ákvarða frest í samræmi við 7. gr., að lögboðnir frídagar eða aðrir frídagar framkvæmdastjórnarinnar, sem um getur í 23. gr., falla innan fresta þeirra sem um getur í 9., 10. og 22. gr. reglugerðar (EBE) nr. 4064/89 skal framlengja frestina um jafnmarga virka daga.

9. gr.

Frestur rofinn

1. Rjúfa skal frestina, sem um getur í 1. og 3. mgr. 10. gr. reglugerðar (EBE) nr. 4064/89, verði framkvæmdastjórnin að gefa út ákvörðun samkvæmt 5. mgr. 11. gr. eða 3. mgr. 13. gr. sömu reglugerðar, vegna þess að:

- a) upplýsingar, sem framkvæmdastjórnin hefur óskað eftir samkvæmt 1. mgr. 11. gr. reglugerðar (EBE) nr. 4064/89, frá einum tilkynnenda eða öðrum hlutaðeigandi aðila samkvæmt skilgreiningu í 11. gr. þessarar reglugerðar eru ekki veittar, eða ekki veittar svo fullnægjandi sé, innan þess frests sem framkvæmdastjórnin setur;
- b) upplýsingar, sem framkvæmdastjórnin hefur óskað eftir frá þriðja aðila samkvæmt 1. mgr. 11. gr. reglugerðar (EBE) nr. 4064/89 samkvæmt skilgreiningu í 11. gr. þessarar reglugerðar, eru ekki veittar, eða ekki veittar svo fullnægjandi sé, innan þess frests sem framkvæmdastjórnin setur vegna aðstæðna sem einn tilkynnenda eða annar hlutaðeigandi aðili samkvæmt skilgreiningu í 11. gr. þessarar reglugerðar ber ábyrgð á;
- c) einn tilkynnenda eða annar hlutaðeigandi aðili samkvæmt skilgreiningu í 11. gr. þessarar reglugerðar hefur neitað að gangast undir rannsókn á grundvelli 1. mgr. 13. gr. reglugerðar (EBE) nr. 4064/89 sem framkvæmdastjórnin telur nauðsyn á eða að aðstoða við framkvæmd slíkrar rannsóknar í samræmi við fyrrnefnt ákvæði;
- d) tilkynnendur hafa ekki tilkynnt framkvæmdastjórninni um veigamiklar breytingar sem orðið hafa á þeim upplýsingum sem fram koma í viðkomandi tilkynningu.

2. Rjúfa skal frestina sem um getur í 1. og 3. mgr. 10. gr. reglugerðar (EBE) nr. 4064/89:

- a) í tilvikum sem um getur í a- og b-lið 1. mgr., frá þeim tíma er frestur, sem tiltekinn er í beiðni um upplýsingar, er útrunninn þar til fullnægjandi og réttar upplýsingar, sem krafist var með ákvörðun, berast;
- b) í tilvikum sem um getur í c-lið 1. mgr., frá þeim tíma er tilraun til að gera rannsókn mistókst þar til rannsókninni, sem fyrirskipuð var með ákvörðun, er lokið;
- c) í tilvikum sem um getur í d-lið 1. mgr., frá þeim tíma er breytingar á þeim upplýsingum, sem þar er getið, eiga sér stað þar til fullnægjandi og réttar upplýsingar, sem krafist var með ákvörðun, berast eða rannsókninni, sem fyrirskipuð var með ákvörðun, er lokið.

3. Frestur er rofinn daginn eftir að atburðurinn, sem er tilefni rofsins, á sér stað. Rof á fresti stendur til loka þess dags þegar tilefni þess er ekki lengur fyrir hendi. Ef sá dagur er ekki virkur dagur skal rofi á fresti ljúka við lok næsta virka dags.

10. gr.

Að virða frest

1. Litið er svo á að frestir, sem um getur í 4. og 5. mgr. 9. gr. og 1. og 3. mgr. 10. gr. reglugerðar (EBE) nr. 4064/89, hafi verið virtir ef framkvæmdastjórnin tekur viðeigandi ákvörðun áður en frestur rennur út.

2. Litið er svo á að fresturinn, sem um getur í 2. mgr. 9. gr. reglugerðar (EBE) nr. 4064/89, hafi verið virtur ef aðildarríki sendir framkvæmdastjórninni skriflega tilkynningu áður en fresturinn rennur út.

3. Litið er svo á að fresturinn, sem um getur í 6. mgr. 9. gr. reglugerðar (EBE) nr. 4064/89, hafi verið virtur ef lögbæra yfirvaldið í viðkomandi aðildarríki birtir skýrslu eða kunngerir niðurstöður athugunar á samfylkingunni áður en fresturinn rennur út.

4. Litið er svo á að fresturinn, sem um getur í öðrum málslíð annarrar undirgreinar 4. mgr. 22. gr. reglugerðar (EBE) nr. 4064/89, hafi verið virtur ef framkvæmdastjórninni berst beiðni aðildarríkis eða aðildarríkja áður en fresturinn rennur út.

III. KAFLI

SKÝRSLUGJÖF MÁLSAÐILA OG ÞRÍÐJU AÐILA

11. gr.

Aðilar sem eiga þess kost að gefa skýrslu

Að því er varðar réttinn til að gefa skýrslu samkvæmt 18. gr. reglugerðar (EBE) nr. 4064/89 eru eftirtaldir aðilar aðgreindir:

- a) tilkynnendur, þ.e. einstaklingar eða fyrirtæki sem leggja fram tilkynningu í samræmi við 2. mgr. 4. gr. reglugerðar (EBE) nr. 4064/89;
- b) aðrir hlutaðeigandi aðilar, þ.e. aðilar að áformum um samfylkingu, aðrir en tilkynnendur, svo sem seljendur og fyrirtækið sem verður til við samfylkinguna;
- c) þriðju aðilar, þ.e. einstaklingar eða lögpersónur sem geta sýnt fram á að þeir eigi nægilegra hagsmuna að gæta, þar á meðal viðskiptavinir, birgjar og samkeppnisaðilar, og einkum þeir sem sitja í stjórn eða framkvæmdastjórn viðkomandi fyrirtækja eða viðurkenndir fulltrúar starfsmanna þessara fyrirtækja;
- d) aðilar sem framkvæmdastjórnin hyggst taka ákvörðun um í samræmi við 14. eða 15. gr. reglugerðar (EBE) nr. 4064/89.

12. gr.

Ákvarðanir um frestun samfylkinga

1. Hyggist framkvæmdastjórnin taka ákvörðun samkvæmt 4. mgr. 7. gr. reglugerðar (EBE) nr. 4064/89 sem hefur neikvæðar afleiðingar fyrir einn eða fleiri málsaðila skal hún, samkvæmt 1. mgr. 18. gr. sömu reglugerðar, láta tilkynnendur og aðra hlutaðeigandi vita skriflega um andmæli sín og setja þeim frest til að skýra frá sjónarmiðum sínum.

2. Hafi framkvæmdastjórnin tekið bráðabirgðaákvörðun samkvæmt 2. mgr. 18. gr. reglugerðar (EBE) nr. 4064/89, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, án þess að veita tilkynnendum og öðrum hlutaðeigandi aðilum færi á að skýra frá sjónarmiðum sínum skal hún senda þeim texta bráðabirgðaákvörðunarinnar án tafar og setja þeim frest til að skýra frá sjónarmiðum sínum.

Þegar tilkynnendur og aðrir hlutaðeigandi aðilar hafa skýrt frá sjónarmiðum sínum skal framkvæmdastjórnin taka lokaákvörðun og ógilda, breyta eða staðfesta bráðabirgða-

ákvörðunina. Hafi þeir ekki skýrt frá sjónarmiðum sínum innan tiltekins frests skal bráðabirgðaákvörðun framkvæmdastjórnarinnar gilda sem lokaákvörðun þegar fresturinn er útrunninn.

3. Tilkyndendur og aðrir hlutaðeigandi aðilar skulu skýra frá sjónarmiðum sínum skriflega eða munnlega innan tiltekins frests. Þeim er heimilt að staðfesta munnlegar yfirlýsingar sínar skriflega.

13. gr.

Ákvarðanir um efnisatriði málsins

1. Hyggist framkvæmdastjórnin taka ákvörðun samkvæmt annarri undirgrein 2. mgr. 8. gr. eða 3., 4. eða 5. mgr. 8. gr. reglugerðar (EBE) nr. 4064/89 skal hún veita hlutaðeigandi aðilum færi á að gefa skýrslu samkvæmt 1. og 3. mgr. 18. gr. sömu reglugerðar áður en hún hefur samráð við ráðgjafarnefndina um samfylkingu fyrirtækja.

2. Framkvæmdastjórnin skal beina andmælum sínum skriflega til tilkyndenda.

Um leið og framkvæmdastjórnin tilkynnir um andmæli sín skal hún setja frest sem tilkyndendur geta nýtt sér til að koma sjónarmiðum sínum skriflega á framfæri við framkvæmdastjórnina.

Framkvæmdastjórnin skal einnig tilkynna öðrum hlutaðeigandi aðilum skriflega um andmæli sín.

Framkvæmdastjórnin skal einnig setja frest sem aðrir hlutaðeigandi aðilar geta nýtt sér til að koma sjónarmiðum sínum skriflega á framfæri við framkvæmdastjórnina.

3. Þegar framkvæmdastjórnin hefur sent tilkyndendum andmæli sín skal hún veita þeim aðgang að málsskjölunum, að beiðni þeirra, til að gera þeim kleift að nýta sér rétt sinn til að taka til varna.

Framkvæmdastjórnin skal einnig veita öðrum hlutaðeigandi aðilum, sem hún hefur tilkynnt um andmæli sín, aðgang að málsskjölunum, að beiðni þeirra, að því marki sem þeim er þörf á við gerð athugasemda.

4. Aðilar, sem framkvæmdastjórnin hefur beint andmælum sínum til eða sem hefur verið tilkynnt um slík andmæli, skulu skýra skriflega frá sjónarmiðum sínum varðandi andmælin innan tiltekins frests. Þeim er heimilt að setja fram öll atriði, sem málið varða, í skriflegum athugasemdum sínum og láta fylgja með öll skjöl sem máli skipta til að færa sönnur á þær upplýsingar sem lagðar eru fram. Þeim er einnig heimilt að leggja til að framkvæmdastjórnin taki skýrslur

af einstaklingum sem geta staðfest fyrrnefndar upplýsingar. Þeir skulu senda framkvæmdastjórninni eitt frumrit og 29 afrit af svari sínu á pósthfang það sem tilgreint er á eyðublaði CO.

5. Hyggist framkvæmdastjórnin taka ákvörðun samkvæmt 14. eða 15. gr. reglugerðar (EBE) nr. 4064/89 skal hún veita málsaðilum, sem hún hyggst taka ákvörðun um, færi á að gefa skýrslu samkvæmt 1. og 3. mgr. 18. gr. sömu reglugerðar áður en hún hefur samráð við ráðgjafarnefndina um samfylkingu fyrirtækja.

Málsmeðferðin, sem kveðið er á um í fyrstu og annarri undirgrein 2. mgr., fyrstu undirgrein 3. mgr. og í 4. mgr., gildir að breyttu breytanda.

14. gr.

Munnleg skýrslugjöf

1. Framkvæmdastjórnin skal veita tilkyndendum, sem þess hafa óskað í skriflegum athugasemdum sínum, færi á að leggja fram rök sín munnlega við formlega skýrslugjöf, sýni þessir aðilar fram á að þeir eigi nægilegra hagsmuna að gæta. Henni er einnig heimilt í öðrum tilvikum að veita slíkum aðilum færi á að skýra frá sjónarmiðum sínum munnlega.

2. Framkvæmdastjórnin skal veita öðrum hlutaðeigandi aðilum, sem þess hafa óskað í skriflegum athugasemdum sínum, færi á að skýra munnlega frá sjónarmiðum sínum við formlega skýrslugjöf, sýni þeir fram á að þeir eigi nægilegra hagsmuna að gæta. Henni er einnig heimilt í öðrum tilvikum að veita slíkum aðilum færi á að skýra frá sjónarmiðum sínum munnlega.

3. Framkvæmdastjórnin skal veita málsaðilum, sem hún hyggst beita sektum eða févítu, færi á að leggja fram rök sín munnlega við formlega skýrslugjöf hafi þeir óskað eftir því skriflega í athugasemdum sínum. Henni er einnig heimilt í öðrum tilvikum að veita slíkum aðilum færi á að skýra munnlega frá sjónarmiðum sínum.

4. Framkvæmdastjórnin skal bjóða þeim sem gefa eiga skýrslu að mæta þann dag sem hún ákveður.

5. Framkvæmdastjórnin skal bjóða lögbærum yfirvöldum í aðildarríkjunum að taka þátt í skýrslugjöfinni.

15. gr.

Framkvæmd formlegrar, munnlegrar skýrslugjafar

1. Skýrslugjöf skal stjórnað af skýrslugjafarfulltrúa.

2. Þeim sem er boðið að mæta skulu annaðhvort gefa skýrslu sjálfir eða kjósa sér löglaerða fulltrúa til að koma fram fyrir sína hönd eða fulltrúa sem stjórnarskrá lands þeirra heimilar, eftir því sem við á. Fyrirtækjum og samtökum fyrirtækja er heimilt að veita föstum starfsmanni sínum umboð til að koma fram fyrir sína hönd.

3. Þeim sem gefa framkvæmdastjórninni skýrslu er heimilt að njóta aðstoðar lögfræðinga eða annarra hæfra aðila sem skýrslugjafarfulltrúi samþykkir.

4. Skýrslugjöf skal ekki vera opinber. Einstaklingar skulu gefa skýrslu hver fyrir sig eða í viðurvist annarra sem hefur verið boðið að mæta. Í síðara tilvikinu skal taka tillit til réttmætra hagsmuna fyrirtækja sem vilja varðveita viðskiptaleyndarmál sín og aðrar trúnaðarupplýsingar.

5. Skrá skal greinargerð allra sem gefa skýrslu.

16. gr.

Skýrslugjöf þriðju aðila

1. Sæki þriðju aðilar skriflega um fá að gefa skýrslu samkvæmt öðrum málslíð 4. mgr. 18. gr. reglugerðar (EBE) nr. 4064/89 skal framkvæmdastjórnin tilkynna þeim skriflega um eðli og inntak málsmeðferðarinnar og setja þeim frest til að skýra frá sjónarmiðum sínum.

2. Þeir þriðju aðilar, sem um getur í 1. mgr., skulu skýra frá sjónarmiðum sínum skriflega innan tiltekins frests. Framkvæmdastjórninni er heimilt, eftir því sem við á, að veita málsaðilum, sem þess hafa óskað í skriflegum athugasemdam sínum, færi á að taka þátt í formlegri skýrslugjöf. Henni er einnig heimilt í öðrum tilvikum að veita sömu aðilum færi á að skýra munnlega frá sjónarmiðum sínum.

3. Framkvæmdastjórninni er á sama hátt heimilt að veita öðrum þriðju aðilum færi á að skýra frá sjónarmiðum sínum.

17. gr.

Trúnaðarupplýsingar

1. Ekki skal láta í té eða veita aðgang að upplýsingum, þar á meðal skjölum, þar sem fram koma viðskiptaleyndarmál einstaklinga eða fyrirtækja, þar með talið tilkynningu, annarra hlutaðeigandi aðila eða þriðju aðila, og á þetta einnig við um aðrar trúnaðarupplýsingar sem framkvæmdastjórnin telur ekki nauðsynlegt vegna málsmeðferðar að komi fram, eða þegar um innanhússkjöl yfirvalda er að ræða.

2. Málsaðili, sem skýrir frá sjónarmiðum sínum samkvæmt ákvæðum þessa kafla, skal tilgreina á skýran hátt og rökstyðja hvaða gögn hann telur trúnaðarmál og afhenda sérútgáfu af gögnum þar sem trúnaðarmálum er sleppt, innan frests sem framkvæmdastjórnin setur.

IV. KAFLI

SKULDBINDINGAR UM AÐ SAMRÝMA SAMFYLKINGU FYRIRTÆKJA KRÖFUM HINS SAMEIGINLEGA MARKAÐAR

18. gr.

Frestir fyrir skuldbindingar

1. Skuldbindingar, sem viðkomandi fyrirtæki hafa gert tillögu um við framkvæmdastjórnina samkvæmt 2. mgr. 6. gr. reglugerðar (EBE) nr. 4064/89 og málsaðilar hyggjast leggja til grundvallar ákvörðun samkvæmt b-lið 1. mgr. 6. gr. sömu reglugerðar, skulu lagðar fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en þremur vikum eftir móttöku tilkynningarinnar.

2. Skuldbindingar, sem viðkomandi fyrirtæki hafa gert tillögu um við framkvæmdastjórnina samkvæmt 2. mgr. 8. gr. reglugerðar (EBE) nr. 4064/89 og málsaðilar hyggjast leggja til grundvallar ákvörðun samkvæmt sömu grein, skulu lagðar fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en þremur mánuðum eftir að málsmeðferð var hafin. Framkvæmdastjórninni er heimilt að framlengja þennan frest í undantekningartilvikum.

3. Ákvæði 6. til 9. gr. skulu gilda, að breyttu breytanda, um 1. og 2. mgr. þessarar greinar.

19. gr.

Málsmeðferð vegna skuldbindinga

1. Senda skal framkvæmdastjórninni eitt frumrit og 29 afrit af skuldbindingum, sem viðkomandi fyrirtæki hafa gert tillögu um við framkvæmdastjórnina samkvæmt 2. mgr. 6. gr. eða 2. mgr. 8. gr. reglugerðar (EBE) nr. 4064/89, á pósthöfundum sem tilgreint er á eyðublaði CO.

2. Málsaðili, sem gerir tillögu um skuldbindingar við framkvæmdastjórnina samkvæmt 2. mgr. 6. gr. eða 2. mgr. 8. gr. reglugerðar (EBE) nr. 4064/89, skal tilgreina á skýran hátt og rökstyðja hvaða gögn hann telur trúnaðarmál og afhenda sérútgáfu af gögnum þar sem trúnaðarmálum er sleppt, innan frests sem framkvæmdastjórnin setur.

V. KAFLI

ÝMIS ÁKVÆÐI

20. gr.

Sending skjala

1. Heimilt er að senda skjöl og kvaðningu frá framkvæmdastjórninni til viðtakenda á einhvern eftirfarandi máta:

- a) með boðsendingu gegn kvittun;
- b) með ábyrgðarbréfi með kvittun fyrir móttöku;
- c) með símbréfi ásamt beiðni um kvittun fyrir móttöku;
- d) með fjarrita;
- e) með tölvupósti ásamt beiðni um kvittum fyrir móttöku.

2. Ef ekki er kveðið á um annað í þessari reglugerð gildir 1. mgr. einnig um sendingu tilkynnenda, annarra hlutaðeigandi aðila eða þriðju aðila á skjölum til framkvæmdastjórnarinnar.

3. Ef skjal er sent með fjarrita, símbréfi eða tölvupósti skal gera ráð fyrir að viðtakanda hafi borist það í hendur sama dag og það var sent.

21. gr.

Frestir settir

Þegar framkvæmdastjórnin setur fresti, sem kveðið er á um í 4. gr. (2. mgr.), 5. gr. (2. mgr.), 12. gr. (1. og 2. mgr.), 13. gr. (2. mgr.) og 16. gr. (1. mgr.), skal hún taka tillit til þess undirbúningstíma sem þörf er á við gerð athugasemda og til þess hversu brýnt málið er. Hún skal einnig taka tillit til virkra daga og lögboðinna frídaga í landinu sem orðsending hennar fer til.

Frestina skal binda við ákveðna almanaksdaga.

22. gr.

Viðtaka skjala hjá framkvæmdastjórninni

1. Í samræmi við ákvæði 1. mgr. 4. gr. þessarar reglugerðar skulu tilkynningar berast framkvæmdastjórninni á

póstfangið sem tilgreint er á eyðublaði CO eða hafa verið sendar í ábyrgðarpósti á póstfangið sem tilgreint er á eyðublaði CO áður en frestur, samkvæmt 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (EBE) nr. 4064/89, rennur út.

Sé óskað eftir frekari upplýsingum til að fullgera ófullnægjandi tilkynningar samkvæmt 2. og 4. mgr. 4. gr. eða til viðbótar við tilkynningar samkvæmt 2. mgr. 5. gr. skulu þær berast framkvæmdastjórninni á fyrrnefnt póstfang eða hafa verið sendar í ábyrgðarpósti áður en sá frestur, sem er tiltekinn hverju sinni, rennur út.

Nauðsynlegt er að skriflegar athugasemdir við orðsendingar framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt 12. gr. (1. og 2. mgr.), 13. gr. (2. mgr.) og 16. gr. (1. mgr.) berist framkvæmdastjórninni á fyrrnefnt póstfang áður en sá frestur, sem er tiltekinn hverju sinni, rennur út.

2. Frest, sem um getur í annarri og þriðju undirgrein 1. mgr., skal ákvarða í samræmi við 21. gr.

3. Ef lokadagur frests er ekki virkur dagur eða er lögboðinn frídagur í sendingarlandinu rennur fresturinn út í lok næsta virka dags.

23. gr.

Skilgreining á virkum dögum

Til „virkra daga“ í þessari reglugerð teljast allir aðrir dagar en laugardagar, sunnudagar, lögboðnir frídagar og aðrir frídagar sem framkvæmdastjórnin ákveður og birtir í *Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins* fyrir upphaf hvers árs.

24. gr.

Niðurfelling

Reglugerð (EBE) nr. 3384/94 falli hér með úr gildi.

25. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi 2. mars 1998.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 1. mars 1998.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Karel VAN MIERT

framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

**EYÐUBLAÐ CO FYRIR TILKYNNINGU UM SAMFYLKINGU SAMKVÆMT REGLUGERÐ (EBE)
nr. 4064/89**

INNGANGUR

A. Markmiðið með þessu eyðublaði

Á þessu eyðublaði eru tilgreindar þær upplýsingar sem fyrirtæki eða fyrirtækjum er skylt að veita þegar þau tilkynna framkvæmdastjórninni um samfylkingu fyrirtækja sem varðar hagsmuni bandalagsins. Skilgreiningu á „samfylkingu fyrirtækja“ er að finna í 3. gr. og orðalaginu „...sem varðar hagsmuni EFTA“ í 1. gr. reglugerðar (EBE) nr. 4064/89 (hér á eftir nefnd samrunareglugerðin).

Athygli yðar er sérstaklega vakin á samrunareglugerðinni og reglugerð (EB) nr. 447/98 (hér á eftir nefnd framkvæmdareglugerðin) og samsvarandi ákvæðum samningsins um Evrópska efnahagssvæðið ⁽¹⁾.

Reynslan í bandalaginu hefur sýnt að það er nýtsamlegt bæði fyrir tilkynnendur og framkvæmdastjórna að halda fundi áður en tilkynning er lögð fram til að ákvarða nákvæmlega hvaða upplýsingar verða að koma fram í tilkynningunni, enda er árangur fundanna í flestum tilvikum sá að verulega dregur úr því magni upplýsinga sem krafist er. Tilkynnendur eru því hvattir til að hafa samráð við framkvæmdastjórna um hugsanlega undanþágu frá því að veita tiltekna upplýsingar (sjá nánar um þetta í g-lið B-hluta).

B. Nauðsyn þess að tilkynning sé rétt og fullnægjandi

Allar upplýsingar, sem krafist er á þessu eyðublaði, skulu vera réttar og fullnægjandi. Upplýsingarnar ber að láta í té í réttum hluta þessa eyðublaðs. Viðauka við þetta eyðublað skal aðeins nota til að bæta við upplýsingarnar sem veittar eru á eyðublaðinu sjálfu.

Einkum er vakin athygli á eftirfarandi:

- a) Í samræmi við 1. mgr. 10. gr. samrunareglugerðarinnar og 2. og 4. mgr. 4. gr. framkvæmdareglugerðarinnar hefjast frestir samkvæmt samrunareglugerðinni, sem tengjast tilkynningum, ekki fyrr en framkvæmdastjórninni hafa borist allar upplýsingar sem fylgja skulu tilkynningunni. Tilgangurinn með þessari kröfu er að tryggja að framkvæmdastjórnin geti metið tilkynnta samfylkingu fyrirtækja innan þeirra ströngu tímamarka sem kveðið er á um í samrunareglugerðinni.
- b) Þegar tilkynnendur undirbúa tilkynningu sína skulu þeir aðgæta vandlega hvort nöfn og númer tengiliða, einkum bréfasímanúmer, sem send eru framkvæmdastjórninni, eru nákvæm, viðeigandi og uppfærð.
- c) Farið verður með rangar eða villandi upplýsingar í tilkynningu sem ófullnægjandi upplýsingar (4. mgr. 4. gr. framkvæmdareglugerðarinnar).
- d) Ef tilkynning er ófullnægjandi lætur framkvæmdastjórnin tilkynnendur eða fulltrúa þeirra vita um það skriflega og án tafar. Tilkynningin öðlast ekki gildi fyrr en daginn sem framkvæmdastjórnin hefur veitt fullnægjandi og nákvæmum upplýsingunum viðtöku (1. mgr. 10. gr. samrunareglugerðarinnar og 2. og 4. mgr. 4. gr. framkvæmdareglugerðarinnar).
- e) Í b-lið 1. mgr. 14. gr. samrunareglugerðarinnar er kveðið á um að ef veittar eru rangar eða villandi upplýsingar, af ásetningi eða gáleysi, er heimilt að sekta tilkynnanda eða tilkynnendur um allt að 50 000 eukur. Auk þess er framkvæmdastjórninni heimilt, samkvæmt a-lið 3. mgr. 6. gr. og a-lið 5. mgr. 8. gr. samrunareglugerðarinnar,

⁽¹⁾ Hér á eftir nefndur EES-samningurinn; sjá einkum 57. gr. EES-samningsins (1. lið XIV. viðauka við EES-samninginn og bókun 4 við samninginn milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls), svo og bókun 21 og 24 við EES-samninginn og 1. gr. og samþykka fundargerð með bókun um breytingu á EES-samningnum. Þegar getið er EFTA-ríkjanna er átt við þau EFTA-ríki sem eiga aðild að EES-samningnum.

að afturkalla ákvörðun sína um að tilkynnt samfylking samrýmist kröfum hins sameiginlega markaðar ef ákvörðunin byggist á röngum upplýsingum sem einhver tilkynnenda ber ábyrgð á;

- f) Yður er heimilt að fara þess á leit við framkvæmdastjórnina að hún líti svo á að tilkynningin sé fullnægjandi þótt upplýsingar, sem krafist er á eyðublaðinu, vanti ef þessar upplýsingar eru yður ekki tiltækar með góðu móti, hvort heldur er í heild eða að hluta (til dæmis vegna þess að við tilraun til yfirtöku á fyrirtæki standi viðkomandi fyrirtæki í vegi fyrir yfirtökunni og getur þá reynst erfitt að útvega umbeðnar upplýsingar um fyrirtækið).

Framkvæmdastjórnin mun fjalla um slíka beiðni, að því tilskildu að þér tilgreinið ástæður þess að upplýsingarnar voru ekki tiltækar og reynið eftir bestu getu að meta gögnin sem vantar og getið þess á hverju þér byggjið þetta mat. Ef unnt er skal einnig geta þess hvar framkvæmdastjórnin gæti aflað þeirra upplýsinga sem yður voru ekki tiltækar.

- g) Yður er heimilt er að fara þess á leit við framkvæmdastjórnina að hún líti svo á að tilkynningin sé fullnægjandi þótt upplýsingar, sem krafist er á eyðublaðinu, í fullri lengd eða styttri gerð, vanti ef þér teljið að þessar upplýsingar kunni að vera óþarfar fyrir rannsókn málsins af hálfu framkvæmdastjórnarinnar.

Framkvæmdastjórnin mun fjalla um slíka beiðni, að því tilskildu að þér færið rök fyrir því að upplýsingarnar skipti ekki máli og séu óþarfar fyrir rannsókn hennar á hinn tilkynntu aðgerð. Yður er heimilt að skýra frá þessu í samskiptum yðar við framkvæmdastjórnina áður en að tilkynningu kemur og/eða í tilkynningunni og óska eftir því við framkvæmdastjórnina að hún veiti undanþágu frá því að veita þessar upplýsingar, samkvæmt 2. mgr. 3. gr. framkvæmdareglugerðarinnar.

C. Tilkynning af styttri gerð

- a) Ef um er að ræða sameiginlegt fyrirtæki sem rekur enga starfsemi eða aðeins lágmarksstarfsemi innan Evrópska efnahagssvæðisins, og ekki er séð fram á teljandi starfsemi á þess vegum, hefur framkvæmdastjórnin í hyggju að heimila tilkynningu af styttri gerð. Það getur átt við þegar tvö eða fleiri fyrirtæki ná sameiginlegum yfirráðum yfir fyrirtæki og:

- i) þegar velta ⁽¹⁾ sameiginlegs fyrirtækis og/eða velta yfirfærðrar starfsemi ⁽²⁾ er minni en 100 milljónir ekna á Evrópska efnahagssvæðinu; og
- ii) sameiginlegt verðgildi eigna ⁽³⁾, sem eru færðar yfir til sameiginlega fyrirtækisins, er lægra en 100 milljónir ekna innan Evrópska efnahagssvæðisins ⁽⁴⁾.

- b) Ef þér teljið að þessi skilyrði hafi verið uppfyllt getið þér skýrt frá því í tilkynningunni og óskað eftir að framkvæmdastjórnin veiti undanþágu frá kröfum um tilkynningu í fullri lengd samkvæmt 2. mgr. 3. gr. framkvæmdareglugerðarinnar og leyfi tilkynningu af styttri gerð.

- c) Tilkynning af styttri gerð gerir tilkynnendum kleift að takmarka upplýsingarnar við eftirfarandi:

⁽¹⁾ Reikna ber út veltu sameiginlegs fyrirtækis í samræmi við síðustu endurskoðaða reikninga móðurfélaganna eða sameiginlega fyrirtækisins sjálfs, svo fremi að fyrir hendi séu aðskildir reikningar fyrir sameignir sameiginlega fyrirtækisins.

⁽²⁾ Orðin „og/eða“ vísa til hinna ýmsu aðstæðna sem um getur verið að ræða, til dæmis:

— þegar tvö eða fleiri fyrirtæki yfirtaka sameiginlega annað fyrirtæki skal leggja veltu þess síðastnefnda (sameiginlega fyrirtækisins) til grundvallar,

— þegar stofnað er sameiginlegt fyrirtæki og móðurfyrirtækin færa starfsemi sína yfir á það ber að leggja veltu hinnar yfirfærðu starfsemi til grundvallar,

— þegar nýr yfirráðaaðili kemur inn í sameiginlegt fyrirtæki skal leggja veltu sameiginlega fyrirtækisins og veltu þeirrar starfsemi, ef einhver er, sem nýja móðurfélagið færir yfir á það, til grundvallar.

⁽³⁾ Reikna skal út samanlagt verðgildi eigna sameiginlegs fyrirtækis í samræmi við síðasta efnahagsreikning hvers móðurfyrirtækis um sig sem lagður hefur verið fram samkvæmt venju og samþykktur. Hugtakið „eignir“ felur í sér 1) allar efnislegar og óefnislegar eignir sem verða yfirfærðar til sameiginlega fyrirtækisins (meðal efnislegra eigna eru til dæmis framleiðslustöðvar, heildsölu- eða smásölu- fyrirtæki og birgðir) og 2) öll lán eða skuldbindingar sameiginlega fyrirtækisins sem móðurfyrirtæki hafa samþykkt að framlengja eða ábyrgjast.

⁽⁴⁾ Ef yfirfærðar eignir skapa veltu má hvorki verðgildi eignanna né veltunnar fara yfir 100 milljónir ekna.

- 1. þátt,
 - 2. þátt, nema spurningar í a-, b- og d-lið liðar 2.1 og í liðum 2.3.4 og 2.3.5,
 - 3. þátt, aðeins spurningar í lið 3.1 og a-lið liðar 3.2,
 - 5. þátt, aðeins spurningar í liðum 5.1 og 5.3,
 - 6. þátt,
 - 10. þátt,
 - 11. þátt (valkvætt fyrir aðila), og
 - 12. þátt,
- fimm helstu sjálfstæðu viðskiptavinina, fimm helstu sjálfstæðu birgjana og fimm helstu keppinautana á þeim mörkuðum þar sem sameiginlega fyrirtækið verður með starfsemi. Gefa skal upp nafn, póstfang, símanúmer, bréfasímanúmer og viðkomandi tengilið þessara viðskiptavina, birgja og keppinauta.
- d) Auk þess skal, að því er varðar markaði þar sem áhrifa sameiginlega fyrirtækisins gætir, eins og skilgreint er í 6. þætti hér á eftir, tilgreina fyrir Evrópska efnahagssvæðið, bandalagið í heild, hvert aðildarríki og EFTA-ríki og fyrir viðkomandi svæðisbundinn markað, ef tilkynnendur telja að hann sé ekki sá sami, umfang sölunnar (magn og verðmæti) og markaðshlutdeild árið áður en samfylkingin var stofnuð.
- e) Framkvæmdastjórnin getur krafist tilkynningar í fullri lengd eða, þar sem við á, hlutatilkynningar samkvæmt eyðublaði CO:
- ef tilkynnt aðgerð uppfyllir ekki kröfur um tilkynningar af styttri gerð, eða
 - ef hún telur það nauðsynlegt vegna rannsóknar á hugsanlegum samkeppniserfiðleikum.

Í þessum tilvikum má líta svo á að tilkynningin sé að verulegu leyti ófullnægjandi samkvæmt 2. mgr. 4. gr. framkvæmdareglugerðarinnar. Framkvæmdastjórnin lætur tilkynnendur eða fulltrúa þeirra vita um það skriflega og án tafar og setur hæfilegan frest til að leggja fram tilkynningu í fullri lengd eða, þar sem við á, hlutatilkynningu. Tilkynningin öðlast fyrst gildi daginn sem allar umbeðnar upplýsingar hafa borist framkvæmdastjórninni.

D. Hver á að leggja fram tilkynningu?

Sé um samfylkingu að ræða í skilningi a-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar eða öflun sameiginlegra yfirræða í fyrirtæki í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar skulu samfylkingaraðilar eða þeir sem ná sameiginlegum yfirræðum, eftir því sem við á, ganga sameiginlega frá tilkynningunni.

Eignist fyrirtæki ráðandi hlut í öðru fyrirtæki skal fyrirtækið sem stóð að yfirtökunni ganga frá tilkynningunni.

Sé um yfirtökuboð í fyrirtæki að ræða skal bjóðandi ganga frá tilkynningunni.

Allir sem leggja fram tilkynningu bera ábyrgð á því að upplýsingar í henni séu réttar.

E. Hvernig ber að standa að tilkynningu?

Tilkynningu ber að leggja fram á opinberu tungumáli bandalagsins. Þetta tungumál skal síðan nota við meðferð málsins og gildir það fyrir alla tilkynnendur. Ef tilkynning er samin í samræmi við 12. gr. bókunar 24 við EES-samninginn á opinberu tungumáli EFTA-ríkis, sem er ekki opinbert tungumál bandalagsins, skal tilkynningunni og öllum fylgiskjölum fylgja þýðing á opinberu tungumáli bandalagsins.

Þegar veittar eru upplýsingar, sem krafist er á þessu eyðublaði, skal styðjast við uppröðun þátta og númeraröð málsgreina á eyðublaðinu, enn fremur skal fylgja undirrituð yfirlýsing, eins og kveðið er á um í 12. þætti, og fylgiskjöl.

Fylgiskjöl skulu vera á frummálinu; sé það ekki opinbert tungumál bandalagsins ber að þýða þau á tungumálið sem er notað við meðferð málsins (sbr. 4. mgr. 2. gr. framkvæmdareglugerðarinnar).

Heimilt er að leggja fram frumrit eða afrit fylgiskjala. Í síðara tilvikinu ber tilkynnanda að staðfesta að þau séu rétt og óstytt.

Senda skal eitt frumrit og 23 afrit af eyðublaði CO og öllum fylgiskjölum.

Tilkynningin skal berast framkvæmdastjórninni á virkum degi samkvæmt skilgreiningu í 23. gr. framkvæmdareglugerðarinnar. Ef unnt á að vera að skrá tilkynningu samdægurs verður hún að berast fyrir kl. 17:00 mánudaga til fimmtudaga eða fyrir kl. 16:00 föstudaga á eftirfarandi póstfang:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Merger Task Force
150 avenue de Cortenberg/Kortenberglaan
150 B-1049 Bruxelles.

F. Trúnaður

Í 214. gr. sáttmálans og 2. mgr. 17. gr. samrunareglugerðarinnar svo og í samsvarandi ákvæðum samningsins um Evrópska efnahagssvæðið ⁽¹⁾, er framkvæmdastjórninni, aðildarríkjunum, eftirlitsstofnun EFTA og EFTA-ríkjunum, embættismönnum þeirra og öðrum opinberum starfsmönnum óheimilt að láta öðrum í té vitneskju, sem þeir hafa öðlast við beitingu reglugerðarinnar eða ákvæða hennar, sem er þess eðlis að hún fellur undir þagnarskyldu embættismanna. Sama grundvallarregla skal eiga við um trúnað milli tilkynnenda.

Ef þér hafið ástæðu til að ætla að það skaði hagsmuni yðar að umbeðnar upplýsingar verði birtar eða látnar öðrum málsaðilum í té með öðrum hætti, skuluð þér senda þessar upplýsingar sérstaklega og merkja hverja blaðsíðu greinilega „Viðskiptaleyndarmál“. Einnig ber yður að tilgreina ástæður þess að upplýsingarnar skuli ekki látnar öðrum í té eða birtar.

Sé um samruna eða sameiginlega yfirtöku að ræða eða gangi fleiri en einn málsaðili frá tilkynningunni er heimilt að senda viðskiptaleyndarmál sérstaklega í lokuðu umslagi og geta þeirra í tilkynningunni sem viðauka. Tilkynningin telst ekki fullnægjandi fyrr en allir slíkir viðaukar hafa borist.

G. Skilgreiningar og leiðbeiningar við útfyllingu þessa eyðublaðs

Tilkynnandi eða tilkynnendur: Ef aðeins eitt þeirra fyrirtækja, sem taka þátt í aðgerðinni, leggur fram tilkynningu er hugtakið tilkynnandi (tilkynnendur) einungis notað um það fyrirtæki sem í raun leggur tilkynninguna fram.

Samfylkingaraðili (eða -aðilar): Hér er bæði átt við aðila sem yfirtaka fyrirtæki og aðila sem eru yfirteknir eða þá aðila sem eiga hlut að samruna fyrirtækja, þar með talin öll fyrirtæki sem sóst er eftir ráðandi eignarhlut í eða yfirtökuboð berast í.

Hugtökin tilkynnandi (tilkynnendur) og samfylkingaraðili (-aðilar) taka til allra fyrirtækja sem tilheyra sömu fyrirtækjahópum og þessir tilkynnendur/aðilar, nema annað sé tekið fram.

⁽¹⁾ Sjá einkum 122. gr. EES-samningsins, 9. gr. bókarar 24 við EES-samninginn og 2. mgr. 17. gr. XIII. kafla bókarar 4 við samninginn milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls (ESA-samningurinn).

Markaður þar sem áhrifa gætir: Í 6. þætti eyðublaðsins er óskað eftir að tilkynnendur skilgreini viðkomandi vörumarkaði og tilgreini enn fremur hverjir þessara viðkomandi markaða eru líklegir til að verða fyrir áhrifum frá tilkynntum aðgerðum. Þessi skilgreining á mörkuðum þar sem áhrifa gætir er grundvöllur margra spurninga á eyðublaðinu sem þarf að svara. Þegar talað er um „markaði þar sem áhrifa gætir“ á eyðublaðinu er þar átt við markaði sem tilkynnendur skilgreina. Þetta hugtak getur átt við viðkomandi markaði fyrir vörur eða þjónustu.

Ár: Allar tilvísanir til orðsins „ár“ á eyðublaðinu merkja almanaksár, nema annað sé tekið fram. Allar upplýsingar, sem krafist er á eyðublaðinu, skulu eiga við árið á undan tilkynningarárinu, nema annað sé tekið fram.

Fjárhæðirnar, sem óskað er upplýsinga um í liðum 2.3 – 2.5, skulu gefnar upp í ekum, umreiknuðum á meðalgengi viðkomandi ára eða tímabila.

Allar tilvísanir á þessu eyðublaði vísa til viðeigandi greina og málsgreina reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89, nema annað sé tekið fram.

1. ÞÁTTUR

Grunnupplýsingar

1.1. *Upplýsingar um tilkynnanda (eða tilkynnendur)*

Taka skal fram:

1.1.1. heiti og pósthfang fyrirtækis;

1.1.2. hvers eðlis starfsemi fyrirtækisins er;

1.1.3. tengilið (nafn, pósthfang, símanúmer, bréfasímanúmer og/eða fjarritanúmer ásamt stöðu).

1.2. *Upplýsingar um aðra samfylkingaraðila ⁽¹⁾*

Fyrir hvern samfylkingaraðila um sig (nema tilkynnanda eða tilkynnendur) skal taka eftirfarandi fram:

1.2.1. heiti og pósthfang fyrirtækis;

1.2.2. hvers eðlis starfsemi fyrirtækisins er;

1.2.3. tengilið (nafn, pósthfang, símanúmer, bréfasímanúmer og/eða fjarritanúmer, ásamt stöðu).

1.3. *Þjónustupósthfang*

Gefið upp pósthfang (í Brussel, ef um það er að ræða) sem unnt er að beina öllum tilkynningum og skjölum til.

1.4. *Tilnefning fulltrúa*

Ef fulltrúar fyrirtækja undirrita tilkynningar skulu þeir framvísa skriflegri staðfestingu þess efnis að þeir hafi umboð til þess.

Ef um er að ræða sameiginlega tilkynningu, hefur sameiginlegur fulltrúi verið tilnefndur?

Ef svarið er já skal veita þær upplýsingar sem krafist er í liðum 1.4.1 til 1.4.4.

Ef svarið er nei skal veita upplýsingar um þá fulltrúa sem hafa umboð til að koma fram fyrir hönd hvers samfylkingaraðila og tiltaka umbjóðendur þeirra:

1.4.1. nafn fulltrúans;

⁽¹⁾ Sé um tilraun til yfirtöku á fyrirtæki að ræða þar sem fyrirtækið stendur í vegi fyrir yfirtökunni skal telja það með og tilgreina einstök atriði eins nákvæmlega og unnt er.

- 1.4.2. pósthfang fulltrúans;
- 1.4.3. nafn tengiliðs (og pósthfang, ef það er annað en í lið 1.4.2);
- 1.4.4. símanúmer, bréfasímanúmer og/eða fjarritanúmer.

2. ÞÁTTUR

Upplýsingar um samfylkinguna

- 2.1. *Lýsið í stuttu máli eðli samfylkingarinnar sem tilkynnt er um. Takið í þessu sambandi fram:*
 - a) hvort áformuð samfylking er alger samruni að lögum, yfirtaka eða sameiginleg yfirtaka fyrirtækis, sameiginlegt fyrirtæki í fullum rekstri í skilningi 2. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar eða samningur eða felur með öðrum hætti í sér bein eða óbein yfiráð í skilningi 3. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar;
 - b) hvort aðilar ganga til samfylkingarinnar skiptir eða óskiptir;
 - c) í stuttu máli, hvernig efnahags- og fjárhagslegri uppbyggingu samfylkingarinnar er háttað;
 - d) hvort opinbert tilboð eins aðila í verðbréf annars aðila nýtur stuðnings stjórnar og framkvæmdastjórnar þess síðarnefnda eða annarra stofnana sem koma fram fyrir hönd hans;
 - e) fyrirhugaða eða væntanlega dagsetningu mikilvægra áfanga sem eiga að leiða til endanlegrar samfylkingar;
 - f) hvers konar eignarhaldi og yfiráðum megi búast við eftir samfylkingu;
 - g) hvort einhver aðilanna hefur þegið fjárhagsaðstoð eða aðra aðstoð, hvaðan sem hún kemur (þar á meðal frá opinberum yfirvöldum) og eðli og umfang aðstoðarinnar.
- 2.2. *Tilgreina skal til hvaða atvinnuvega samfylkingin nær*
- 2.3. *Fyrir hvert hlutaðeigandi fyrirtæki ⁽¹⁾ um sig ber að veita upplýsingar um eftirfarandi ⁽²⁾ fyrir síðasta reikningsár:*
 - 2.3.1. veltu á heimsmarkaði;
 - 2.3.2. veltu innan bandalagsins;
 - 2.3.3. veltu innan EFTA;
 - 2.3.4. veltu í hverju aðildarríki;
 - 2.3.5. veltu í hverju EFTA-ríki;
 - 2.3.6. í hvaða aðildarríki veltan er meiri en tveir þriðju hlutar af veltu innan bandalagsins, sé um það að ræða ⁽³⁾;
 - 2.3.7. í hvaða EFTA-ríki veltan er meiri en tveir þriðju hlutar af veltu innan EFTA, sé um það að ræða.

⁽¹⁾ Sjá auglýsingu framkvæmdastjórnarinnar um skilgreiningu á hlutaðeigandi fyrirtækjum.

⁽²⁾ Sjá auglýsingu framkvæmdastjórnarinnar um útreikning á veltu. Velta þeirra aðila sem yfirtaka fyrirtæki eða samfylkingaraðila skal miðast við samanlagða veltu allra fyrirtækjanna í skilningi 4. mgr. 5. gr. Velta eins eða fleiri aðila, sem eru yfirtæknir, skal miðast við veltu þeirra hluta sem eru yfirtæknir samkvæmt 2. mgr. 5. gr. Í 3., 4. og 5. mgr. 5. gr. eru sérstök ákvæði um lánastofnanir, tryggingastofnanir, aðrar fjármálastofnanir og sameiginleg fyrirtæki.

⁽³⁾ Sjá leiðbeiningar III um útreikning á veltu í einu aðildarríki borið saman við veltu innan bandalagsins.

- 2.4. *Að því er varðar 3. mgr. 1. gr. samrunareglugerðarinnar, ef aðgerðin nær ekki þeim mörkum, sem sett eru í 2. mgr. 1. gr., ber að veita eftirfarandi upplýsingar fyrir síðasta reikningsár:*
- 2.4.1. í hvaða aðildarríki samanlögð velta allra hlutaðeigandi fyrirtækja er yfir 100 milljónum ekna, sé um það að ræða;
- 2.4.2. í hvaða aðildarríki samanlögð velta að minnsta kosti tveggja hlutaðeigandi fyrirtækja, hvors um sig, er yfir 25 milljónir ekna, sé um það að ræða.
- 2.5. *Veita ber eftirfarandi upplýsingar fyrir síðasta reikningsár:*
- 2.5.1. er samanlögð velta hlutaðeigandi fyrirtækja á yfirráðasvæði EFTA-ríkja 25% eða meira af heildarveltu þeirra innan Evrópska efnahagssvæðisins?
- 2.5.2. hafa að minnsta kosti tvö hlutaðeigandi fyrirtæki, hvert um sig, meiri veltu en 250 milljónir ekna á yfirráðasvæði EFTA-ríkjanna?

3. ÞÁTTUR

Eignarhald og yfirráð ⁽¹⁾

Fyrir hvern samfylkingaraðila um sig skal tilgreina öll fyrirtæki innan sama fyrirtækjahóps.

Taka skal eftirfarandi fram:

- 3.1. hvaða fyrirtæki eða einstaklingar ráða yfir samfylkingaraðilum með beinum eða óbeinum hætti;
- 3.2. hvaða fyrirtæki stunda viðskipti á markaði þar sem áhrifa gætir ⁽²⁾ og eru með beinum eða óbeinum hætti undir yfirráðum:
- a) samfylkingaraðila;
- b) annars fyrirtækis sem tilgreint er í lið 3.1.

Fyrir hvert tilgreint fyrirtæki um sig skal taka fram hvers eðlis og með hvaða hætti yfirráðin eru.

Heimilt er að skýra upplýsingarnar í þessum þætti á myndrænan hátt með skipuritum eða skýringarmyndum til að sýna hvernig eignarhaldi og yfirráðum er háttað í fyrirtækjunum.

4. ÞÁTTUR

Persónuleg og fjárhagsleg tengsl og fyrri yfirtökur

Fyrir samfylkingaraðilana og fyrir hvert fyrirtæki eða einstakling sem um getur í svörum við spurningum í 3. þætti, skal:

- 4.1. tilgreina öll önnur fyrirtæki með starfsemi á mörkuðum þar sem áhrifa gætir (sjá í 6. þætti skilgreiningu á mörkuðum þar sem áhrifa gætir) þar sem fyrirtækin eða einstaklingarnir í fyrirtækjahópnum ráða ein eða í sameiningu yfir a.m.k. 10% atkvæðisréttar, útgefins hlutfjár eða annarra verðbréfa.
Í hverju tilviki skal tilgreina hundraðshlutann sem um er að ræða og eiganda hans;
- 4.2. tilgreina, fyrir hvert fyrirtæki um sig, þá sem sitja í framkvæmdastjórn og eiga einnig sæti í framkvæmdastjórn eða stjórn annars fyrirtækis sem rekur starfsemi á mörkuðum þar sem áhrifa gætir og (þar sem við á), fyrir hvert fyrirtæki um sig, þá sem eiga sæti í stjórn og eiga einnig sæti í framkvæmdastjórn annars fyrirtækis sem rekur starfsemi á mörkuðum þar sem áhrifa gætir;

⁽¹⁾ Sjá 3., 4. og 5. mgr. 3. gr. og 4. mgr. 5. gr.

⁽²⁾ Sjá 6. þátt um skilgreiningu á mörkuðum þar sem áhrifa gætir.

Í hverju tilviki skal tilgreina heiti hins fyrirtækisins og stöðu viðkomandi innan þess;

- 4.3. veita nákvæmar upplýsingar um yfirtöku ofangreindra fyrirtækjahópa (3. þáttur) á síðustu þremur árum á fyrirtækjum sem stunda viðskipti á mörkuðum þar sem áhrifa gætir eins og þeir eru skilgreindir í 6. þætti.

Heimilt er að skýra þessar upplýsingar á myndrænan hátt með skipuritum eða skýringarmyndum til skilningsauka.

5. ÞÁTTUR

Fylgiskjöl

Tilkynnendur skulu láta eftirfarandi fylgja:

- 5.1. afrit af endanlegri eða nýjustu útgáfu allra skjala viðvíkjandi samfylkingunni, hvort sem samfylkingin hefur orðið til með samkomulagi milli hlutaðeigandi aðila, öflun ráðandi hlutar eða yfirtökuboði;
- 5.2. afrit skriflegs tilboðs ef um yfirtökuboð er að ræða; liggi það ekki fyrir við tilkynningu ber að senda það eins fljótt og auðið er og eigi síðar en við póstlagningu þess til hluthafa;
- 5.3. afrit af síðustu ársskýrslu og ársreikningi allra samfylkingaraðila;
- 5.4. þegar tilgreindur er að minnsta kosti einn markaður þar sem áhrifa gætir:
afrit af greiningum, skýrslum, rannsóknum og kónnunum sem hafa verið lagðar fram eða gerðar fyrir aðila sem eiga sæti í framkvæmdastjórn, stjórn eða á hluthafafundum, í því skyni að meta eða greina samfylkinguna með tilliti til samkeppnisstöðu, samkeppnisaðila (raunverulegra og hugsanlegra) og markaðsaðstæðna.

6. ÞÁTTUR

Skilgreiningar á mörkuðum

Viðkomandi vörumarkaðir og svæðisbundnir markaðir eru lagðir til grundvallar við mat á markaðsstyrk þeirrar nýju einingar sem verður til við samfylkinguna. ⁽¹⁾

Tilkynnanda eða tilkynnendum ber að veita umbeðnar upplýsingar með hliðsjón af eftirfarandi skilgreiningum:

I. Viðkomandi vörumarkaðir

Með viðkomandi vörumarkaði er átt við markað fyrir allar vörur og/eða þjónustu sem neytendur líta á sem staðgönguvörur eða staðgönguþjónustu vegna eiginleika sinna, verðs og áformaðrar notkunar. Viðkomandi vörumarkaður getur í sumum tilvikum verið samsettur úr margs konar vörum eða þjónustu sem hafa í meginatriðum sömu eðlis- eða tæknieiginleika og geta komið hver í stað annarrar.

Meðal þátta, sem skipta máli við mat á viðkomandi vörumarkaði, eru greining á því hvers vegna viðkomandi vara eða þjónusta tilheyrir þessum markaði og hvers vegna önnur vara eða þjónusta tilheyrir honum ekki samkvæmt framangreindri skilgreiningu og með hliðsjón af, meðal annars, hvort varan eða þjónustan nýtist sem staðgönguvara eða staðgönguþjónusta, samkeppnisstöðu, verði, verðsveiflum vegna eftirspurnar, eða öðrum þáttum sem máli skipta við skilgreiningu á vörumarkaðinum.

II. Viðkomandi svæðisbundnir markaðir

Til svæðisbundins markaðar telst það svæði þar sem hlutaðeigandi fyrirtæki eru viðriðin framboð og eftirspurn eftir viðkomandi vöru eða þjónustu, þar sem samkeppnisskilyrði eru nægilega lík og sem unnt er að greina frá nærliggjandi svæðum, einkum vegna þess að samkeppnisskilyrði eru greinilega frábrugðin á þeim svæðum.

⁽¹⁾ Sjá auglýsingu framkvæmdastjórnarinnar um skilgreiningu á viðkomandi mörkuðum með tilliti til samkeppnislaga á Evrópska efnahagssvæðinu.

Meðal þátta sem skipta máli við mat á viðkomandi svæðisbundnum markaði eru eðli og einkenni viðkomandi vöru eða þjónustu, hugsanlegar aðgangshindranir eða neytendavenjur, greinilegur munur á markaðshlutdeild fyrirtækja á þessu svæði og aðliggjandi svæðum eða verulegur verðmunur.

III. Markaðir þar sem áhrifa gætir

Þegar svarað er spurningum á þessu eyðublaði skulu viðkomandi vörumarkaðir innan Evrópska efnahags-svæðisins, í bandalaginu, á yfirráðasvæði EFTA-ríkjanna, í hverju aðildarríki eða í hverju EFTA-ríki teljast markaðir þar sem áhrifa gætir:

- a) ef tveir eða fleiri samfylkingaraðilar stunda viðskipti á sama vörumarkaði og samfylking þeirra myndi leiða til 15% sameiginlegs markaðshlutar eða meira. Þetta nefnast lárétt tengsl;
- b) ef einn eða fleiri samfylkingaraðilar stunda viðskipti á vörumarkaði, sem er á fyrri eða seinna stigi miðað við vörumarkað þar sem annar samfylkingaraðili stundar viðskipti, og markaðshlutdeild hvers þeirra eða samanlögð markaðshlutdeild þeirra nemur 25% eða meira án tillits til þess hvort samband birgis og viðskiptavinar ríkir milli samfylkingaraðila eða ekki. Þetta nefnast lóðrétt tengsl.

Á grundvelli framangreindra upplýsinga og viðmiðunarmarkna fyrir markaðshlutdeild skal veita eftirfarandi upplýsingar:

6.1. Tilgreinið hvern markað þar sem áhrifa gætir í skilningi III. þáttar:

- a) innan Evrópska efnahagssvæðisins, bandalagsins, eða EFTA,
- b) í hverju aðildarríki eða EFTA-ríki.

IV. Markaðir sem eru skyldir mörkuðum þar sem áhrifa gætir í skilningi III. þáttar

- 6.2. Lýsið viðkomandi vörumörkuðum og svæðisbundnum mörkuðum þar sem áhrifa tilkynntrar aðgerðar gætir og sem eru náskyldir þeim markaði (mörkuðum) þar sem áhrifa gætir (markaðir á fyrri eða seinni stígum eða nærliggjandi markaðir á sama stigi) þar sem einn eða fleiri samfylkingaraðilar stunda viðskipti og sem eru ekki sjálfir markaðir þar sem áhrifa gætir í skilningi III. þáttar.

V. Markaðir þar sem áhrifa gætir ekki

- 6.3. Ef ekki eru neindir markaðir þar sem áhrifa gætir í skilningi liðar 6.1 skal lýsa vöru- og svæðisbundnum einkennum þess markaðar sem tilkynnta aðgerðin hefði áhrif á.

7. ÞÁTTUR

Upplýsingar um markaði þar sem áhrifa gætir

Fyrir hvern viðkomandi vörumarkað um sig og fyrir hvert hinna þriggja síðustu reikningsára ⁽¹⁾ og:

- a) fyrir Evrópska efnahagssvæðið,
- b) fyrir bandalagið í heild,
- c) fyrir yfirráðasvæði EFTA-ríkja í heild,
- d) fyrir hvert aðildarríki og EFTA-ríki þar sem samfylkingaraðilar stunda viðskipti,
- e) og fyrir viðkomandi svæðisbundinn markað, ef hann er annar að mati tilkynnenda,

skal veita eftirfarandi upplýsingar um:

⁽¹⁾ Veita skal upplýsingarnar, sem krafist er í liðum 7.1 og 7.2 hér á eftir, með tilliti til allra yfirráðasvæða samkvæmt a-, b-, c-, d-, og e-lið, samanber þó 2. mgr. 3. gr.

- 7.1. áætlaða heildarstærð markaðarins miðað við söluverðmæti (í ekum) og umfang (í einingafjölda)⁽¹⁾. Útskýrið forsendur þessara útreikninga og leggið fram skjöl til staðfestingar þeim ef tók eru á;
- 7.2. söluverðmæti og umfang sölu hjá hverjum samfylkingaraðila og áætlaður markaðshluttur hans;
- 7.3. áætlað verðmæti (og umfang þar sem við á) markaðshlutar allra keppinautanna (að meðtöldum innflytjendum) sem ráða yfir að minnsta kosti 10% af svæðisbundna markaðinum sem er til athugunar. Leggið fram skjöl til staðfestingar útreikningi á þessum markaðshlutum ef tók eru á og látið fylgja nafn þessara keppinauta, pósthfang, símanúmer, bréfasímanúmer og tengilið;
- 7.4. mat á heildarverðmæti og heildarmagni og uppruna innflutnings frá löndum utan Evrópska efnahagssvæðisins þar sem tilgreina skal:
 - a) hlutdeild þeirra fyrirtækjahópa, sem samfylkingaraðilar tilheyra, í slíkum innflutningi,
 - b) mat á áhrifum kvóta, tolla eða annarra viðskiptahindrana en tolla á þennan innflutning, og
 - c) mat á áhrifum flutningskostnaðar og annars kostnaðar á þennan innflutning;
- 7.5. mat á áhrifum sem viðskipti ríkja innan Evrópska efnahagssvæðisins verða fyrir vegna:
 - a) flutningskostnaðar og annars kostnaðar, og
 - b) annarra viðskiptahindrana en tolla;
- 7.6. hvernig samfylkingaraðilar framleiða og selja vöru og/eða þjónustu; til dæmis hvort framleiðsla er staðbundin eða hvort sala fer fram um staðbundið dreifikerfi;
- 7.7. samanburð á verði sem samfylkingaraðilar setja upp í hverju aðildarríki og EFTA-ríki og hliðstæðan samanburð á verðlagi milli bandalagsins, EFTA-ríkjanna og annarra svæða þar sem þessar vörur eru framleiddar (t.d. Austur-Evrópu, Bandaríkjanna, Japans og annarra viðkomandi svæða);
- 7.8. eðli og umfang lóðrétrar sameiningar fyrir hvern samfylkingaraðila um sig miðað við helstu keppinauta.

8. ÞÁTTUR

Almenn skilyrði á mörkuðum þar sem áhrifa gætir

- 8.1. Tilgreinið fimm helstu sjálfstæðu⁽²⁾ birgja aðilanna og hlut hvers þeirra í innkaupum frá hverjum þessara birgja (innkaupum á hráefni eða vörum sem eru notaðar við framleiðslu á viðkomandi vörum). Gefið upp nafn hvers birgis, pósthfang, símanúmer, bréfasímanúmer og tengilið.

Hvernig framboði er háttað á mörkuðum þar sem áhrifa gætir

- 8.2. Lýsið helstu dreifileiðum og þjónustukerfum á mörkuðunum þar sem áhrifa gætir. Takið í þessu sambandi mið af eftirfarandi atriðum eftir því sem við á:
 - a) algengustu dreifikerfum á markaðinum og vægi þeirra. Að hvaða marki annast þriðju aðilar dreifinguna og/eða fyrirtæki innan sama hóps og aðilarnir sem um getur í 3. þætti?

⁽¹⁾ Reikna ber verðmæti og umfang markaðar með því að draga útlutning frá framleiðslunni á hlutaðeigandi svæðisbundnum markaði og bæta innflutningi við.

⁽²⁾ Það er að segja birgjar sem eru ekki dótturfyrirtæki, umboðsaðilar eða fyrirtæki sem eru hluti af fyrirtækjahóp viðkomandi málsaðila. Auk þessara fimm sjálfstæðu birgja geta tilkynnendur tilgreint birgja innan fyrirtækjahópsins telji þeir það nauðsynlegt til að fá fram rétt mat. Það sama gildir í lið 8.5 í tengslum við viðskiptavini.

- b) algengustu þjónustukerfum (til dæmis viðhaldi og viðgerðum) og vægi þeirra á þessum mörkuðum. Að hvaða marki annast þriðju aðilar þjónustuna og/eða fyrirtæki innan sama hóps og aðilarnir sem um getur í 3. þætti?
- 8.3. Þar sem við á skal leggja fram mat á heildarafkastagetu í bandalaginu og á yferráðasvæði EFTA-ríkja síðastliðin þrjú ár. Hve stóran hlut þessarar afkastagetu hefur hver samfylkingaraðili um sig talið sig hafa á þessu tímabili og hvernig hafa þeir, hver um sig, nýtt þá afkastagetu?
- 8.4. Teljist aðrir þættir framboðs skipta máli í þessu sambandi ber að tilgreina þá hér.

Hvernig eftirspurn er háttáð á mörkuðum þar sem áhrifa gætir

- 8.5. Tilgreinið fimm helstu sjálfstæðu viðskiptavini aðilanna á hverjum markaði þar sem áhrifa gætir og hve stóran hlut í heildarsölu á vörum hver þessara viðskiptavina hefur skrifað sig fyrir á þessu tímabili. Gefið upp nafn hvers viðskiptavinar, póstfang, símanúmer, bréfasímanúmer og tengilið.
- 8.6. Lýsið því hvernig eftirspurn er háttáð að því er varðar:
- a) þróun markaðarins, t.d. hvort hann er á upphafsstigi, í útþenslu, mettaður eða í hnignun, og spáið fyrir um hve ört eftirspurn muni vaxa;
 - b) vægi viðskiptavinavildar að því er varðar vörumerkjatryggð, vöruaðgreiningu og heildarvöruúrval;
 - c) samþjöppun eða dreifingu neytenda;
 - d) skiptingu viðskiptavina í ólíka flokka og lýsingu á „dæmigerðum viðskiptavini“ í hverjum flokki;
 - e) vægi samninga um einkadreifingu og annars konar langtímasamninga;
 - f) vægi eftirspurnar frá opinberum yfirvöldum, ríkisstofnunum, ríkisfyrirtækjum eða áþekktum aðilum.

Markaðsaðgangur

- 8.7. Hefur nýjum fyrirtækjum tekist að hasla sér völl svo um munar á mörkuðum þar sem áhrifa gætir á síðastliðnum fimm árum? Ef svarið er já skal, ef þess er kostur, gefa upp heiti hvers fyrirtækis, póstfang, símanúmer, bréfasímanúmer og tengilið og áætla núverandi markaðshlutdeild þeirra.
- 8.8. Telja tilkynnendur að til séu fyrirtæki (þar með talin fyrirtæki sem um þessar mundir starfa einvörðungu á mörkuðum utan bandalagsins eða Evrópska efnahagssvæðisins) sem gætu haslað sér völl á markaðinum? Ef svarið er já skal skýra hvers vegna, áætla hvenær þetta muni eiga sér stað og gefa upp heiti fyrirtækjanna, póstfang, símanúmer, bréfasímanúmer og tengilið.
- 8.9. Lýsið hinum ýmsu þáttum, bæði landfræðilegum og þeim sem lúta að vörunni, sem hafa áhrif í þessu tilviki á aðgang að mörkuðum þar sem áhrifa gætir. Takið í þessu sambandi mið af eftirtöldum atriðum, eftir því sem við á:
- a) heildarkostnaði sem því fylgir að hasla sér völl á viðkomandi markaði (rannsóknir og þróun, stofnun dreifikerfa, söluherferðir, auglýsingar, þjónusta o.s.frv.) og ná sambærilegri sölu og hugsanlegur öflugur keppinautur og gefið til kynna markaðshlutdeild slíks keppinautar;
 - b) aðgangshindrunum í lögum og reglugerðum, svo sem leyfisveitingu stjórnvalda eða hvers kyns opinberum stöðlum;
 - c) að hve miklu leyti markaðsaðgangur takmarkast af einkaleyfum, verkkunnáttu og öðrum hugverkaretti á þessum mörkuðum og veitingu slíkra nytjaleyfa;
 - d) að hve miklu leyti hver og einn samfylkingaraðili hefur eða lætur í té nytjaleyfi, verkkunnáttu eða önnur réttindi á viðkomandi mörkuðum;

- e) vægi stærðarhagkvæmni í framleiðslu vöru á mörkuðum þar sem áhrifa gætir;
- f) aðgangi að birgðum, til dæmis framboði á hráefnum.

Rannsóknir og þróun

- 8.10. Gerið grein fyrir vægi rannsókna og þróunar hvað varðar samkeppnishæfni fyrirtækis á viðkomandi markaði til lengri tíma lítið. Lýsið eðli rannsókna og þróunar á vegum samfylkingaraðila á mörkuðum þar sem áhrifa gætir.

Takið í þessu sambandi mið af eftirfarandi, eftir því sem við á:

- a) stefnu og umfangi rannsókna og þróunar ⁽¹⁾ á umræddum mörkuðum og hjá samfylkingaraðilum;
- b) tækniþróun sem átt hefur sér stað á umræddum mörkuðum á hæfilegu tímabili (þar með talin þróun vöru og/eða þjónustu, þróun framleiðsluaðferða, dreifikerfa o.s.frv.);
- c) helstu nýjungum sem fram hafa komið á þessum mörkuðum og fyrirtækjunum sem staðið hafa að þessum nýjungum;
- d) þróunarferli nýjunga á þessum mörkuðum og hvar aðilarnir eru staddir í því ferli.

Samstarfssamningar

- 8.11. Í hve ríkum mæli er um samstarfssamninga (lárétta og/eða lóðrétt) að ræða á mörkuðum þar sem áhrifa gætir?
- 8.12. Lýsið mikilvægustu samstarfssamningum sem samfylkingaraðilar hafa gert á mörkuðum þar sem áhrifa gætir, til dæmis samningum um rannsóknir og þróun, nytjaleyfi, sameiginlega framleiðslu, sérhæfingu, dreifingu, birgðahald til langs tíma og upplýsingaskipti.

Atvinnugreinasamtök

- 8.13. Að því er varðar atvinnugreinasamtök á mörkuðum þar sem áhrifa gætir skal tilgreina:

- a) samtök sem samfylkingaraðilar tilheyra;
- b) helstu atvinnugreinasamtök sem viðskiptavinir og birgjar samfylkingaraðila tilheyra.

Gefið upp heiti allra framangreindra atvinnugreinasamtaka, póstfang, símanúmer, bréfasímanúmer og tengilið.

9. ÞÁTTUR

Almennar markaðsupplýsingar

Markaðsupplýsingar er varða myndun fyrirtækjasamsteypu

Sé markaðshlutur eins samfylkingaraðila 25% eða stærrí á einhverjum vörumarkaði, án þess að um sé að ræða lárétt eða lóðrétt tengsl eins og lýst er hér að framan, skal veita eftirfarandi upplýsingar:

- 9.1. lýsið hverjum vörumarkaði og útskýrið, með tilliti til einkenna, verðs og áformaðrar notkunar, hvers vegna vara og/eða þjónusta á þessum mörkuðum er talin með (og önnur ekki);
- 9.2. áætlið, fyrir síðasta reikningsár, verðmæti markaðar og markaðshlutdeildar hvers fyrirtækjahóps, sem aðilarnir tilheyra, fyrir hvern vörumarkað sem er tilgreindur í lið 9.1:

⁽¹⁾ Umfang rannsókna og þróunar er skilgreint sem kostnaður við rannsóknir og þróun, sem hlutfall af veltu.

- a) fyrir Evrópska efnahagssvæðið í heild;
- b) fyrir bandalagið í heild;
- c) fyrir yferráðasvæði EFTA-ríkjanna í heild;
- d) fyrir hvert aðildarríki og EFTA-ríki þar sem fyrirtækjahóparnir, sem aðilarnir tilheyra, eiga viðskipti;
- e) og fyrir viðkomandi svæðisbundinn markað ef hann er annar.

Yfirlit yfir markaðina

- 9.3. Setja skal fyrirhugaða samfylkingu í alþjóðlegt sambengi með því að lýsa stöðu hvers samfylkingaraðila á mörkuðum utan Evrópska efnahagssvæðisins að því er varðar markaðshlutdeild og samkeppnisstyrk.
- 9.4. Lýsið hugsanlegum áhrifum fyrirhugaðrar samfylkingar á hagsmuni milliliða og neytenda og á þróun efnahags- og tækniframfara.

10. ÞÁTTUR

Samstarfsáhrif sameiginlegs fyrirtækis

10. Að því er varðar 4. mgr. 2. gr. samrunareglugerðarinnar skal svara eftirfarandi spurningum:
 - a) Halda tvö eða fleiri móðurfyrirtæki áfram verulegri starfsemi á sama markaði og sameiginlega fyrirtækið eða á markaði sem er á fyrra eða seinna stigi miðað við þennan markað eða á grannmarkaði sem er náskyldur þessum markaði ⁽¹⁾?
Ef svarið er já skal tilgreina fyrir hvern markað sem um getur hér:
 - veltu hvers móðurfyrirtækis á síðasta reikningsári,
 - efnahagslegt vægi starfsemi sameiginlega fyrirtækisins miðað við þessa veltu,
 - markaðshlut hvers móðurfyrirtækis.Ef svarið er nei ber að rökstyðja það.
 - b) Ef svarið við a-lið er já og það er álit yðar að stofnun sameiginlegs fyrirtækis leiði ekki til samræmingar milli sjálfstæðra fyrirtækja sem hindrar samkeppni í skilningi 1. mgr. 85. gr. EES-samningsins ber að rökstyðja svarið.
 - c) Með fyrirvara um svör við a- og b-liðum og til að tryggja að framkvæmdastjórnin geti metið málið á fullnægjandi hátt skal skýra frá því hvernig viðmiðanirnar í 3. mgr. 85. gr. eiga við.
Samkvæmt 3. mgr. 85. gr. er heimilt að lýsa yfir því að ákvæði 1. mgr. 85. gr. eigi ekki við ef aðgerðin:
 - i) stuðlar að bættri framleiðslu eða dreifingu varanna, eða að tæknilegum eða efnahagslegum framförum;
 - ii) gerir neytendum kleift að fá sanngjarnan hlut í þeim ávinningi sem af hlýst;
 - iii) setur ekki takmarkanir á viðkomandi fyrirtæki ef ekki er brýn þörf á því til að ná þessum markmiðum; og
 - iv) gefur þessum fyrirtækjum ekki kost á að útrýma samkeppni að því er viðvíkur verulegum hluta viðkomandi vara.

Sjá leiðbeiningar á eyðublaði A/B, einkum 16. og 17. þætti, sem fylgja sem viðauki við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 3385/94 ⁽²⁾.

⁽¹⁾ Sjá skilgreiningu á markaði í 6. þætti.

⁽²⁾ Stjótíð. EB nr. L 377, 31. 12. 1994, bls. 28.

11. ÞÁTTUR

Almenn atriði*Viðbótartakmarkanir*

- 11.1. Ef samfylkingaraðilar og/eða aðrir hlutaðeigandi aðilar (þar með taldir seljandi og minnihlutahluthafarar) gera með sér samning um viðbótartakmarkanir, sem eru í beinum tengslum við samfylkinguna og nauðsynlegar vegna stofnunar hennar, má meta þessar takmarkanir í tengslum við samfylkinguna sjálfa (sjá b-lið 1. mgr. 6. gr. og 2. mgr. 8. gr. samrunareglugerðarinnar, 25. forsendu samrunareglugerðarinnar 7. forsendu reglugerðar (EB) nr. 1310/97 og auglýsingu framkvæmdastjórnarinnar um viðbótartakmarkanir vegna samfylkinga) ⁽¹⁾.
- a) Tilgreinið allar viðbótartakmarkanir í samningunum sem fylgja tilkynningunni og þér óskið eftir að fá metnar í tengslum við samfylkinguna; og
- b) skýrið hvernig þessar takmarkanir eru í beinum tengslum við samfylkinguna og nauðsynlegar fyrir framkvæmd hennar.

Breyting tilkynningar

- 11.2. Komist framkvæmdastjórnin að þeirri niðurstöðu að tilkynnt samstarfsaðgerð sé ekki samfylking, í skilningi 3. gr. samrunareglugerðarinnar, óskið þér þá eftir að farið verði með tilkynninguna sem umsókn um neikvætt vottorð eða sem tilkynningu með það fyrir augum að fá undanþágu frá 85. gr. EB-samningsins?

12. ÞÁTTUR

Yfirlýsing

Í 2. mgr. 1. gr. framkvæmdareglugerðarinnar stendur að ef fulltrúar fyrirtækja undirrita tilkynningar skuli þeir framvísa skriflegu umboði til þess. Þetta umboð skal fylgja tilkynningunni.

Ljúka ber tilkynningunni með eftirfarandi yfirlýsingu, undirritaðri af eða fyrir hönd allra tilkynnenda:

Undirritaðir lýsa yfir því að upplýsingarnar, sem eru veittar í tilkynningu þessari, eru sannar, réttar og fullnægjandi samkvæmt bestu vitund, að óstýtt afrit af skjölum, sem krafist er samkvæmt eyðublaði CO, fylgja með, að allt mat er tilgreint sem slíkt og sett fram samkvæmt bestu vitund og vitneskju um staðreyndir málsins og að þegar álit er látið í ljós sé það gert í góðri trú.

Undirritaðir hafa kynnt sér ákvæði b-liðar 1. mgr. 14. gr. samrunareglugerðarinnar.

Staður og dagsetning:

Undirskrift:

Nafn/Nöfn:

Fyrir hönd:

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 180, 12. 7. 1997, bls. 1.

LEIÐBEININGAR I

Útreikningur á veltu tryggingafyrirtækja

(sbr. a-lið 3. mgr. 5. gr.)

Eftirfarandi dæmi (fyrirhuguð samfylking tryggingafyrirtækjanna A og B) sýnir útreikning á veltu tryggingafyrirtækja:

I. Samstæður rekstrarreikningur

(í milljónum ekna)

Tekjur	Fyrirtæki A	Fyrirtæki B
Verg iðgjöld	5 000	300
— verg iðgjöld frá íbúum bandalagsins:	(4 500)	(300)
— verg iðgjöld frá íbúum eins (og sama) aðildarríkis X	(3 600)	(270)
Aðrar tekjur	500	50
Heildartekjur:	5 500	350

II. Útreikningur á veltu

- Í stað samanlagðrar veltu á heimsmarkaði er notað verðmæti vergra iðgjalda á heimsmarkaði, að upphæð 5 300 milljónir ekna.
- Í stað veltu innan bandalagsins er notað verðmæti vergra iðgjalda hvors tryggingafyrirtækis frá íbúum bandalagsins. Fjárhæð þessi er hærri en 250 milljónir ekna fyrir hvort tryggingafyrirtæki um sig.
- Velta innan eins (og sama) aðildarríkis X vikur fyrir verðmæti vergra iðgjalda hvors tryggingafyrirtækis frá íbúum eins (og sama) aðildarríkis X. Tryggingafyrirtæki A fær 80% vergra iðgjalda frá íbúum bandalagsins í aðildarríki X en tryggingafyrirtæki B fær 90% vergra iðgjalda frá íbúum bandalagsins í sama aðildarríki X.

III. Niðurstaða

Þar eð

- samanlögð velta tryggingafyrirtækja A og B á heimsmarkaði, sett fram sem verðmæti vergra iðgjalda á heimsmarkaði, er yfir 5 000 milljónir ekna,
- verðmæti vergra iðgjalda hvors tryggingafyrirtækis frá íbúum bandalagsins er yfir 250 milljónir ekna, en
- hvort tryggingafyrirtæki um sig fær meira en tvo þriðju vergra iðgjalda frá íbúum bandalagsins í einu (og sama) aðildarríki X,

fellur fyrirhuguð samfylking ekki undir gildissvið reglugerðarinnar.

LEIÐBEININGAR II

Útreikningur á veltu sameiginlegra fyrirtækja

A. Myndun sameiginlegs fyrirtækis (sbr. 2. mgr. 3. gr.)

Hafi tvö (eða fleiri) fyrirtæki myndað sameiginlegt fyrirtæki sem telst vera samfylking skal reikna veltu hlutað-eigandi fyrirtækja.

B. Sameiginlegt fyrirtæki sem þegar er fyrir hendi (sbr. 5. mgr. 5. gr.)

Við útreikning á veltu, þar sem sameiginlegt fyrirtæki C er í eigu tveggja fyrirtækja A og B sem eiga aðild að samfylkingu, má taka eftirfarandi dæmi:

I. Rekstrarreikningur

(í milljónum ekna)

Velta	Fyrirtæki A	Fyrirtæki B
Sölutekjur á heimsmarkaði	10 000	2 000
— í bandalaginu	(8 000)	(1 500)
— í aðildarríki Y	(4 000)	(900)

(í milljónum ekna)

Velta	Sameiginlegt fyrirtæki C
Sölutekjur á heimsmarkaði	100
— viðskipti við fyrirtæki A	(20)
— viðskipti við fyrirtæki B	(10)
Velta vegna viðskipta við önnur fyrirtæki	70
— innan bandalagsins	(60)
— í aðildarríki Y	(50)

II. Meðferð hins sameiginlega fyrirtækis

- Fyrirtæki C er undir sameiginlegum yfirráðum (í skilningi ákvæða 3. og 4. mgr. 3. gr.) fyrirtækja A og B, sem eiga aðild að samfylkingunni, án tillits til eignarhlutar þriðja fyrirtækis í fyrirtæki C.
- Fyrirtæki A og B mynda ekki samstæðu um fyrirtæki C í rekstrarreikningum sínum.
- Velta C, sem er til komin vegna viðskipta við A og B, er ekki reiknuð með.
- Velta C, sem er til komin vegna viðskipta við önnur fyrirtæki, skal skipta jafnt milli fyrirtækja A og B, án tillits til hlutafjäreignar hvors um sig í C.

III. Útreikningur á veltu

- Samanlagða veltu fyrirtækis A á heimsmarkaði skal reikna út sem hér segir: við 10 000 milljónir ekna bætist 50% af veltu C á heimsmarkaði sem til er komin vegna viðskipta við önnur fyrirtæki en A og B (þ.e. 35 milljónir ekna), samanlagt 10 035 milljónir ekna.
Samanlagða veltu fyrirtækis B á heimsmarkaði skal reikna út á eftirfarandi hátt: við 2 000 milljónir ekna bætist 50% af veltu C á heimsmarkaði sem til er komin vegna viðskipta við önnur fyrirtæki en A og B (þ.e. 35 milljónir ekna), samanlagt 2 035 milljónir ekna.
- Samanlögð velta hlutaðeigandi fyrirtækja á heimsmarkaði er 12 070 milljónir ekna.
- Velta fyrirtækis A að upphæð 4 025 milljónir ekna er til komin innan aðildarríkis Y (50% af veltu C í sama aðildarríki eru reiknuð með) og velta í bandalaginu að upphæð 8 030 milljónir ekna (að meðtöldum 50% veltu C innan bandalagsins).
Velta fyrirtækis B að upphæð 925 milljónir ekna er til komin innan aðildarríkis Y (50% af veltu C í sama aðildarríki eru reiknuð með) og velta í bandalaginu að upphæð 1 530 milljónir ekna (að meðtöldum 50% af veltu C í bandalaginu).

IV. Niðurstaða

Þar eð

- a) samanlögð velta fyrirtækja A og B á heimsmarkaði er yfir 5 000 milljónir ekna;
- b) velta hvors fyrirtækis, sem á aðild að samfylkingunni, er yfir 250 milljónir ekna í bandalaginu;
- c) minna en tveir-þriðju hlutar af veltu hvors hlutaðeigandi fyrirtækis í bandalaginu (fyrirtæki A 50,1% og fyrirtæki B 60,5%) er til komin í einu (og sama) aðildarríki Y;

fellur fyrirhuguð samfylking undir gildissvið reglugerðarinnar.

LEIÐBEININGAR III

Beiting reglunnar um tvo þriðju hluta

(sbr. 1. gr.)

Eftirfarandi dæmi (fyrirhuguð samfylking fyrirtækja A og B) sýna hvernig beita skal reglunni um tvo þriðju hluta:

I. Samstæðurekstrarreikningur

1. dæmi

(í milljónum ekna)

Velta	Fyrirtæki A	Fyrirtæki B
Söluhagnaður á heimsmarkaði	10 000	500
— innan bandalagsins	(8 000)	(400)
— í aðildarríki X	(6 000)	(200)

2. dæmi a)

(í milljónum ekna)

Velta	Fyrirtæki A	Fyrirtæki B
Söluhagnaður á heimsmarkaði	4 800	500
— í bandalaginu	(2 400)	(400)
— í aðildarríki X	(2 100)	(300)

2. dæmi b)

Sömu tölur og í 2. dæmi a), nema velta fyrirtækis B, sem er til komin í aðildarríki Y, er 300 milljónir ekna.

II. Beiting reglunnar um tvo þriðju hluta

1. dæmi

- Velta fyrirtækis A í bandalaginu er 8 000 milljónir ekna og fyrirtækis B 400 milljónir ekna.
- Velta fyrirtækis A í einu (og sama) aðildarríki X er 75% af veltu í bandalaginu (6 000 milljónir ekna) og hjá fyrirtæki B 50% af veltu í bandalaginu (200 milljónir ekna).
- Niðurstaða: Jafnvel þó að meira en tveir þriðju hlutar veltu fyrirtækis A í bandalaginu sé í þessu tilviki til komin í aðildarríki X, félli fyrirhuguð samfylking undir gildissvið reglugerðarinnar þar eð minna en tveir þriðju hlutar veltu fyrirtækis B innan bandalagsins er til komin í aðildarríki X.

2. dæmi a)

- Velta fyrirtækis A í bandalaginu er 2 400 milljónir ekna og hjá fyrirtæki B 400 milljónir ekna.
- Velta fyrirtækis A í einu (og sama) aðildarríki X er 2 100 milljónir ekna (þ.e. 87,5% af veltu þess innan bandalagsins) og hjá fyrirtæki B 300 milljónir ekna (þ.e. 75% af veltu þess í bandalaginu).
- Niðurstaða: Meira en tveir þriðju hlutar af veltu hvors fyrirtækis í bandalaginu er til komin í þessu tilviki í einu (og sama) aðildarríki X; fyrirhuguð samfylking félli því ekki undir gildissvið reglugerðarinnar.

2. dæmi b)

Niðurstaða: Reglan um tvo þriðju hluta á ekki við í þessu tilviki þar eð meira en tveir þriðju hlutar veltu fyrirtækja A og B í bandalaginu er til komin í mismunandi aðildarríkjum, X og Y. Fyrirhuguð samfylking félli þar af leiðandi undir gildissvið reglugerðarinnar.